

**MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS  
VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS  
2010 - 2013**



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS





---

*Lýsing á rannsókn*

Unnið fyrir	Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands
Markmið rannsóknar	Að gera grein fyrir þeirri vinnu og þeim úrbótum sem gerðar hafa verið í málefnum fatlaðra stúdenta og starfsmanna á árunum 2010 til 2013
Dagsetning skýrsluskila	13. maí 2014
Skýrslugerð	Alma Ýr Ingólfssdóttir Ásdís A. Arnalds Hanna Björg Sigurjónsdóttir Viktor Orri Valgarðsson

---



## EFNISYFIRLIT

<b>Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands .....</b>	<b>5</b>
<i>Ráð um málefni fatlaðs fólks.....</i>	<i>6</i>
<i>Hlutverk náms- og starfsráðgjafar í málefnum fatlaðra nemenda .....</i>	<i>7</i>
<b>Stefnumál og verklag .....</b>	<b>8</b>
<i>Stefna í málefnum fatlaðra.....</i>	<i>9</i>
<i>Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun .....</i>	<i>10</i>
<i>Reglur um sértæk úrræði í námi.....</i>	<i>11</i>
<i>Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir.....</i>	<i>11</i>
<i>Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017 .....</i>	<i>12</i>
<b>Fatlaðir stúdentar við Háskóla Íslands .....</b>	<b>13</b>
<i>Tölulegar upplýsingar um fatlaða nemendur .....</i>	<i>13</i>
<i>Hagsmunafélög stúdenta.....</i>	<i>16</i>
<i>Rannsóknir um fatlaða háskólastúdenta .....</i>	<i>16</i>
<i>Reynsla fatlaðra stúdenta af námi við Háskóla Íslands.....</i>	<i>18</i>
<i>Kennslufyrirkomulag .....</i>	<i>18</i>
<i>Viðhorf og væntingar .....</i>	<i>22</i>
<i>Aðgengi og aðstaða.....</i>	<i>24</i>
<i>Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands.....</i>	<i>27</i>
<b>Rannsóknasetur .....</b>	<b>30</b>
<b>Fræðsla, erindi og ráðstefnur .....</b>	<b>30</b>
<i>Fræðsla og kynningar.....</i>	<i>31</i>
<i>Ráðstefnur, málþing og erindi um málefni fatlaðs fólks.....</i>	<i>32</i>
<b>Útgefið efni.....</b>	<b>35</b>
<i>Bækur .....</i>	<i>35</i>
<i>Skýrslur.....</i>	<i>36</i>
<b>Alþjóðleg rannsóknarverkefni .....</b>	<b>37</b>
<b>Vefur Háskóla Íslands.....</b>	<b>38</b>
<i>Aðgengi að ytri vef Háskóla Íslands .....</i>	<i>38</i>
<i>Aðgengi að innri vef Háskóla Íslands (Uglunni).....</i>	<i>39</i>
<i>Heimasíða ráðs um málefni fatlaðra .....</i>	<i>40</i>
<i>Fræðsluvefur um geðheilbrigði og geðraskanir – ged.hi.is.....</i>	<i>40</i>



Aðgengi að byggingum .....	40
Verkefni framundan .....	42
Til íhugunar .....	43
Heimildaskrá .....	44



## INNGANGUR

Eitt af markmiðum Háskóla Íslands er að skapa fötluðum stúdentum skilyrði sem gera þeim kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu. Markmiðið felur m.a. í sér að fatlaðir stúdentar hafi aðgang að viðeigandi stuðningi, skoðanir einstakra stúdenta séu ávallt teknar til greina þegar þarfir þeirra eru metnar og að þeir fái nauðsynlegar upplýsingar og fræðslu sem geri þeim kleift að halda áfram að stunda það nám sem þeir völdu sér. Í reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 481/2010, er kveðið á um að leggja beri fram skýrslu um málefni fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands á þriggja ára fresti. Þessi skýrsla sem nær yfir árin 2010 - 2013 er þriðja skýrslan sem kemur út í þeim tilgangi að uppfylla þetta ákvæði. Tilgangur skýrslunnar er fyrst og fremst að gera grein fyrir þeirri vinnu og þeim úrbótum sem gerðar hafa verið í málefnum fatlaðra stúdenta og starfsmanna á tímabilinu og gera grein fyrir þeim verkefnum sem til stendur að vinna í nánustu framtíð.

## MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks við Háskóla Íslands er í höndum Ráðs um málefni fatlaðs fólks og Náms- og starfsráðgjöf heldur utan um þjónustu og leggur til úrræði fyrir fatlaða nemendur skólans. Við Háskóla Íslands er lögð áhersla á að auka og efla fræðistarf og rannsóknir í fötlunarfræðum og á málefnum fatlaðs fólks. Þessu hlutverki sinnir Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og námsbraut í fötlunarfræðum, en boðið er upp á framhaldsnám í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Innan Menntavísindasviðs er starfrækt starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Um brautryðjendastarf er að ræða en nemendur sitja námskeið með öðrum nemendum háskólans og er tilgangur námsins að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku.

## Ráð um málefni fatlaðs fólks

Ráð um málefni fatlaðra stúdenta og starfsmanna við Háskóla Íslands<sup>1</sup> hóf störf árið 2002 og starfar það í umboði Háskólaráðs. Fyrstu árin skipuðu níu fulltrúar ráðið, en á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til var nafni ráðsins breytt í „Ráð um málefni fatlaðs fólks“ og fulltrúum þess fækkað úr níu í fimm. Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands er formaður ráðsins og stýrir störfum þess, sbr. 12. gr. reglna um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 481/2010.

Á tímabilinu sem skýrslan nær til var Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, formaður ráðsins. Arnar fór í launalaust leyfi á tímabilinu og sinnti Dagný Ósk Aradóttir Pind störfum hans á meðan. Arnar fór aftur í leyfi um mitt ár 2013 og tók Svandís Anna Sigurðardóttir við starfi jafnréttisfulltrúa um haustið. Auk jafnréttisfulltrúa eru fulltrúar ráðsins til 30. júní 2016 þau Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild, tilnefnd af Félagi háskólakennara og Félagi prófessora, Ingólfur Aðalbjörnsson, byggingastjóri Háskóla Íslands, tilnefndur af framkvæmda- og tæknisviði, Ingunn M. Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, tilnefnd af Náms- og starfsráðgjöf og Bergvin Oddsson, nemi í stjórnmálafræði, tilnefndur af Stúdentaráði en Bergvin tók við setu í ráðinu haustið 2013 af Friederike Hesselmann.

Hlutverk ráðsins er að hafa yfirumsjón með málefnum fatlaðs fólks og nemenda með sértæka námsörðugleika, í umboði rektors og háskólaráðs. Þá ber ráðinu að gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á stefnu háskólans í málefnum fatlaðs fólks, fylgja eftir framkvæmd á þeirri stefnu og hafa frumkvæði að fræðslu og umræðum um málefni fatlaðs fólks innan háskólasamfélagsins. Ráðinu ber jafnframt að stuðla að auknu samstarfi við þá aðila sem að málaflokknum koma, þar á meðal Náms- og starfsráðgjöf, jafnréttisnefnd, framkvæmda- og tæknisvið, kennsluvið, deildir og fræðasvið. Ennfremur er það hlutverk ráðsins að gefa umsagnir sbr. 14 gr. reglna um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands (nr. 481/2010) og álit, sbr. 15. gr., en ráðið fer þó ekki með ákvörðunarvald í tilteknum málum. Ráðinu ber einnig að veita ráðgjöf við hönnun nýbygginga við Háskóla Íslands og gera tillögur að úrbótum sé þess þörf og fylgja eftir að aðgengi innan háskólasvæðisins samræmist stefnu um málefni fatlaðs fólks. Hlutverk ráðsins er auk þess að sjá til þess að skýrsla um málaflokkinn sé birt á þriggja ára fresti.

Frá því í janúar 2010 til maí 2013 fundaði ráðið 15 sinnum. Á fundunum var meðal annars rætt um aðgengi að byggingum Háskóla Íslands, fræðslu og aðgengi að innra vef Háskóla

---

<sup>1</sup> Háskóli Íslands, „Ráð um málefni fatlaðs fólks“, [http://www.hi.is/adalvefur/rad\\_um\\_malefni\\_fatlads\\_folks](http://www.hi.is/adalvefur/rad_um_malefni_fatlads_folks) (sótt 2. apríl 2014).

Íslands. Einnig var unnið að endurskoðun reglna um sértæk úrræði í námi og sendi ráðið frá sér eitt álit á tímabilinu skv. 15. gr. reglna um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands (nr. 481/2010). Álitið snéri að mætingarskyldu og var veitt með hliðsjón af erindi nemanda. Var það álit ráðsins að námsmat skyldi ekki byggja á mætingu í námskeið hafi nemandi sýnt fram á, með vottorði frá viðurkenndum sérfræðingi, að sökum fötlunar, röskunar eða sértækra námsörðugleika sé það henni/honum ómögulegt að uppfylla kröfur um skyldumætingu.

## Hlutverk náms- og starfsráðgjafar í málefnum fatlaðra nemenda

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) fer með umsjón málefna fatlaðra stúdenta, leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar samkvæmt Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra. Hlutverk NSHÍ er að veita nemendum háskólans stuðning og þjónustu meðan á námi stendur. Þjónustan felur í sér veitingu almennra upplýsinga um nám við HÍ, námsval, námstækni, vinnubrögð, próftöku, stuðning í námi, aðstoð við gerð starfsferilskrár, upplýsingar um störf að loknu námi og starfsþróun og sérúrræði vegna sértækra námsörðugleika, fötlunar eða veikinda.<sup>2</sup>

Undanfarin ár hefur NSHÍ lagt aukna áherslu á að kynna starfsemi sína. Samkvæmt Ingunni M. Ágústsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, kappkostar Náms- og starfsráðgjöf að ná betur til nemenda sem þurfa á sérúrræðum að halda en vita ekki hvert þeir eiga að snúa sér í þeim efnum. Í því skyni er tölvupóstur sendur á alla nemendur þrisvar sinnum á misseri með upplýsingum um hvert þeir eiga að leita þurfi þeir á aðstoð eða sérúrræðum í námi að halda. Til þess að ná enn frekar til nemenda er NSHÍ með Facebook síðu með upplýsingum um úrræði og námskeið á þeirra vegum. Þess má einnig geta að á öllum nýnemakynningum á haust- og vormisseri er starfsemi NSHÍ kynnt og þar með talin þjónusta við fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika.

Óski nemandi eftir úrræðum vegna fötlunar, langvarandi veikinda eða sértækra námsörðugleika ber honum að leita til Náms- og starfsráðgjafar Háskólans og mæta þar í viðtal. Til að úrræði nái fram að ganga þarf nemandi að leggja fram gögn frá sérfræðingi, þar sem fram kemur hvað hamlar honum/henni í námi, og ganga frá skriflegu samkomulagi varðandi úrræði ekki síðar en 1. nóvember fyrir haustmisseri og 1. apríl fyrir vormisseri. Það er á ábyrgð nemandans að útvega tilskilin gögn frá sérfræðingi og á ábyrgð Náms- og starfsráðgjafar að

---

<sup>2</sup> Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, „Úrræði í námi og prófum,“ [http://nshi.hi.is/urraedi\\_i\\_nami\\_og\\_profum](http://nshi.hi.is/urraedi_i_nami_og_profum) (sött 2. apríl 2014).

fylgja samkomulaginu eftir í samvinnu við starfsmenn skólans.<sup>3</sup> Náms- og starfsráðgjöf heldur utan um þjónustu og leggur til úrræði fyrir fatlaða nemendur háskólans en þjónusta við blinda og sjónskerta nemendur fer fram í samvinnu við Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Túlkaþjónustan sem veitt er, er svo framkvæmd í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands sér einnig um aðgengissetur skólans. Meginhlutverk aðgengissetursins er að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda. Próftökuherbergi er í setrinu fyrir nemendur sem þurfa að þreyta próf á tölvu. Aðgengissetrið býður upp á ýmis konar próftökuúrræði og má þar nefna leiðréttingarforrit, skjástækkun fyrir sjónskerta einstaklinga, blindraletursskjá, tölvutækt próf lesið af þul, hæðarstillanleg tölvuborð, próf á tölvu með ritara, sérstök lyklaborð og stýripinna. Í aðgengissetrinu er einnig vinnuaðstaða fyrir blinda nemendur og nemendur með dyslexíu, hreyfihömlun og skerta sjón. Loks býður aðgengissetrið nemendum með dyslexíu eða skerta sjón tækifæri til að prófa og þjálf sig í notkun hugbúnaðar sem gæti nýst þeim í námi. Af nýjum úrræðum að bættu aðgengi fatlaðra nemenda við Háskólann má í fyrsta lagi nefna lesvél sem NSHÍ tók á leigu til afnota fyrir sjónskerta nemendur, en lesvélin auðveldar aðgengi nemenda að námsefni og gögnum sem þeir þurfa að nota á Þjóðarbókhöfðu, s.s. bókum og tímaritum við verkefnavinnu og heimildanotkun. Var þessi nýja lesvél sérstaklega auglýst á meðal blindra og sjónskertra nemenda með tölvupósti sem þeim var sendur haustið 2013. Í öðru lagi þá eru sérhæfð forrit og hugbúnaður sem í boði eru fyrir fatlaða nemendur reglulega uppfærð. Til að kynna þá aðstöðu sem í boði er fyrir nemendur með sérúrræði í námi sendir NSHÍ fötluðum nemendum tölvupóst til að vekja athygli á aðstöðunni í aðgengissetrinu og hvetja þá til að nota aðstöðuna.

## STEFNUMÁL OG VERKLAG

Þær stefnur sem unnið var eftir í málefnum fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands á tímabilinu 2010 - 2013 eru Stefna í málefnum fatlaðra, Stefna gegn mismunun, reglur um sértæk úrræði í námi og verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir. Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013 - 2017 tók gildi þann 16. janúar 2014 og fellur því ekki undir það tímabil sem þessi skýrsla

---

<sup>3</sup> Sama heimild.



nær yfir en þar sem nýja jafnréttisáætlunin leysir af hólmi fyrri jafnréttisáætlun, Stefnu í málefnum fatlaðra og Stefnu gegn mismunun, verður stuttlega gerð grein fyrir henni.

## Stefna í málefnum fatlaðra

*Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra*<sup>4</sup> var samþykkt á háskólafundi þann 23. maí 2002 og staðfest af Háskólaráði 14. júní sama ár. Við gerð stefnunnar var tekið mið af samþykkt Háskólaráðs frá árinu 1995 um málefni fatlaðra, stefnu erlendra háskóla í málefnum fatlaðra stúdenta og verklagsreglum sem NSHÍ hefur starfað eftir við veitingu sértækra úrræða í námi.

Markmið Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra er að skapa fötluðum námsmönnum og starfsfólki skilyrði sem gerir því kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu. Í stefnunni er fötlun skilgreind vítt og tekur til hreyfi- og skynhamlana, andlegra veikinda, sértækra námsörðugleika og tímabundinna líkamlegra og sálrænna vandamála sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs. Í stefnunni segir m.a. að skoðanir stúdenta og starfsfólks beri ávallt að taka til greina þegar þeir eru metnar og að þeir sem vinna með fötluðum einstaklingum, hvort um er að ræða vinnufélaga, kennara eða stúdenta, fái nauðsynlegar upplýsingar og fræðslu. Enn fremur segir í markmiðum stefnunnar að stúdentum og starfsfólki sem verða fyrir áfalli sem leiði til fötlunar skuli gert kleift að halda áfram að stunda þá vinnu eða það nám sem það valdi sér. Að lokum segir að fatlað fólk eigi að geta tekið þátt í opinberum samkomum sem haldnar eru á háskólasvæðinu og að háskólasvæðið eigi að vera aðgengilegt og öruggt fyrir fatlaða einstaklinga með þeim takmörkunum sem eldri byggingar setja.

Á fundum Ráðs um málefni fatlaðs fólks hefur verið rætt um að Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra þyrfti að taka mið af félagslegri skilgreiningu á fötlun í stað læknis- og líffræðilegra þátta eins og áður tíðkaðist. Í starfsáætlun ráðsins fyrir árin 2011 til 2013 var gert ráð fyrir að endurskoðun stefnunnar skyldi fara fram þegar Ísland hefði lögfest sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á þeim tíma sem starfsáætlunin var gerð leit út fyrir að sáttmálinn yrði lögfestur skömmu síðar en sú vinna hefur enn ekki farið fram. Við endurskoðun Jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands var því ákveðið að ný jafnréttisáætlun myndi leysa Stefnu í málefnum fatlaðra af hólmi.

---

<sup>4</sup> Háskóli Íslands, „Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra,“ [http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_i\\_malefnum\\_fatladra](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_i_malefnum_fatladra) (sótt 1. maí 2014).

## Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun

Háskóli Íslands er alþjóðleg menntastofnun og fjölmeningarlegur vinnustaður. Starfsfólk og stúdentar háskólans mynda margbreytilegan hóp. Þessi mikli fjölbreytileiki er einn meginstyrkur háskólasamfélagsins. Markmið *Stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun*<sup>5</sup> er að tryggja jafnrétti hinna ólíku einstaklinga og hópa innan háskólasamfélagsins og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli persónulegra eiginleika.

Háskóli Íslands setti sér stefnu gegn mismunun árið 2005, en markmið hennar var að sporna gegn mismunun á grundvelli persónulegra eiginleika. Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun er ein af þremur meginstoðum í jafnréttisstarfi HÍ. Stefnan er byggð á jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995, og 11. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Þá á stefnan einnig rætur í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og mannréttindayfirlýsingum. Stefnan nær til allra starfa háskólans, stúdenta, gesta, sérfræðinga og annarra sem starfa að verkefnum sem fjármöggnuð eru af aðilum utan háskólans. Mismunun, bein eða óbein, meðal stúdenta og starfsfólks er óheimil og ber sérhver starfsmaður og stúdent ábyrgð á því að sporna gegn mismunun og skapa þannig háskólasamfélag sem fagnar fjölbreytileikanum sem þar er að finna.

Í 2. gr. stefnunnar er fötlun sérstaklega nefnd sem ein af mismununarástæðum og segir m.a. í 2.1 gr. að óheimilt sé að mismuna starfsfólki eða stúdentum vegna fötlunar. Þá segir í 2.5 gr. að háskólanum beri skv. lögum að tryggja að byggingar séu aðgengilegar hreyfihömluðu fólki og sérstaklega þurfi að huga að því að skyldunámskeið séu aðgengileg öllum og að tryggt sé að upplýsingar um tiltæka þjónustu fyrir fatlaða einstaklinga séu aðgengilegar. Til þess að fyrirbyggja oftúlkun eða misskilning á ákvæðum sem minna á sérstakan afmarkaðan rétt er skýrt tekið fram í upphafi stefnunnar að hana megi í engum tilvikum túlka svo að hún skerði akademískt frelsi og málfrelsi í háskólasamfélaginu.

Ekki voru gerðar breytingar á *Stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun* á því tímabili sem þessi skýrsla nær til, en sem fyrr segir mun ný jafnréttisáætlun, sem samþykkt var af Háskólaráði í janúar 2014, leysa *Stefnu* gegn mismunun af hólmi.

---

<sup>5</sup> Háskóli Íslands, „Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun,“ [http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_haskola\\_islands\\_gegn\\_mismunun](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_haskola_islands_gegn_mismunun) (sótt 1. maí 2014).

## Reglur um sértæk úrræði í námi

Á tímabilinu sem þessi skýrsla nær til fór fram endurskoðun á reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands. Ástæður þess að reglurnar voru teknar til endurskoðunar voru þær að ákveðið var að fækka meðlimum Ráðs um málefni fatlaðs fólks og nauðsynlegt var að samræma reglur um málskotsrétt öðrum reglum skólans. Þá þótti mikilvægt að reglurnar endurspegluðu áherslur innan fötlunarfræða. Reglurnar tóku gildi 18. maí 2010. Tilgangur reglnanna er m.a. að tryggja fötluðum nemendum og nemendum með sértæka námserfiðleika innan háskólans jafnrétti á við aðra. Með reglunum er nemendum gert kleift að stunda nám án mismununar og njóta sambærilegra tækifæra til jafns við aðra til þess að get nýtt hæfileika sína til náms.

Í 5. gr. reglna um sértæk úrræði við nám í Háskóla Íslands nr. 481/2010 er kveðið á um þjónustu við fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika. Þar segir m.a. að NSHÍ hafi umsjón með þjónustu við fatlaða nemendur, að þjónustan skuli veitt í náinni samvinnu við nemendur sjálfa og að tryggt skuli að þjónustan sé löguð að þörfum hvers og eins. Í 2. mgr. 5. gr. reglnanna segir að við veitingu sértækra úrræða skal Náms- og starfsráðgjöf, eftir atvikum með samþykki viðkomandi nemanda, hafa samstarf við kennara hans, deildarforseta, formenn námsbrauta, prófstjóra og aðra þá sem koma að því að veita nemandanum aðstoð.

Mikilvægt er fyrir nemendur sem njóta sértækra úrræða að ofangreindum atriðum sé sinnt og þeim fylgt eftir. Í 8. gr. reglnanna er kveðið á um samkomulag um sérúrræði. Náms- og starfsráðgjöf gerir skriflegt samkomulag fyrir hönd HÍ við nemendur þess efnis að hún ábyrgist að veita viðkomandi nemendum tiltekin úrræði meðan á námi stendur. Í samkomulaginu þarf að tilgreina áhrif skerðingarinnar á fyrirhugað nám. Í 9. gr. er sagt til um tímamörk samkomulagsins og skulu sértæk úrræði að öllu jöfnu liggja fyrir áður en nám hefst. Þá kemur fram að almennt skuli samkomulag um sértæk úrræði gilda fyrir allan námstímann nema annað sé tekið fram.<sup>6</sup>

## Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir

Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir<sup>7</sup> tóku gildi árið 2007 og voru mótaðar í þeim tilgangi að samræma vinnubrögð og greina frá úrræðum og þjónustu við nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands sem eru með geðraskanir. Reglurnar byggja á Stefnu Háskóla Íslands gegn

<sup>6</sup> Háskóli Íslands, „Sértæk úrræði í námi við háskóla Íslands,“ [http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_481\\_2010](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_481_2010) (sótt 1. maí 2014).

<sup>7</sup> Háskóli Íslands, „Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir,“

[http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur\\_um\\_urrædi\\_hja\\_haskola\\_islands\\_fyrir\\_folk\\_med\\_gedraskanir](http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur_um_urrædi_hja_haskola_islands_fyrir_folk_med_gedraskanir) (sótt 1. maí 2014).

mismunun, Stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra, reglum um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands, nr. 481/2010, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, nr. 70/1996, Starfsmannastefnu Háskóla Íslands og kjarasamningum.

Í verklagsreglunum er tekið fram að deildarstjóri Náms- og starfsráðgjafar, skrifstofustjórar deilda, starfsmannastjóri og jafnréttisfulltrúi bera ábyrgð á úrræðum og þjónustu fyrir nemendur og starfsfólk háskólans sem eru með geðraskanir. Náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur eða félagsráðgjafi á vegum NSHÍ greina vanda þeirra nemenda sem leita til sérfræðinga NSHÍ og leitast við að finna úrræði þeim til handa. Úrræðin geta verið í formi viðtala, persónulegrar ráðgjafar, samkomulags um úrræði innan HÍ eða tilvísunar á meðferðaraðila utan háskólans. Þess má geta að haustið 2013 tók til starfa sálfræðiráðgjöf háskólanema og hefur NSHÍ bent nemendum á ráðgjöfina.<sup>8</sup> Fræðsla er enn fremur í höndum ábyrgðaraðila í samvinnu við hjúkrunarfræðideild og sálfræðiskor sem sjá um að útbúa og viðhalda aðgengilegum upplýsingum um geðheilsu, geðraskanir og þjónustu. Upplýsingunum er ætlað að kynna stuðningsúrræði og vinna gegn fordómum í garð fólks með geðraskanir.

## Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013 - 2017

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013 - 2017<sup>9</sup> var samþykkt af Háskólaráði 16. janúar 2014 og tók jafnframt gildi sama dag. Jafnréttisáætlunin leysir af hólmi fyrri jafnréttisáætlun, Stefnu í málefnum fatlaðra og Stefnu Háskóla Íslands gegn mismunun sem féllu úr gildi við samþykktina. Jafnréttisáætlunin byggir á Stefnu Háskóla Íslands 2001-2016 og grundvallast á jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995 og ýmsum alþjóðasamningum. Í áætluninni er jafnframt tekið mið af ákvæðum íslenskra laga og þá fyrst og fremst laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að allir einstaklingar fái notið réttinda sinna innan skólans án mismununar á grundvelli kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, heilsufars, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, uppruna, trúarbragða, skoðana, menningar eða stöðu að öðru leyti, sem lítilsvirðir eða misbýður einstaklingi eða hópi sem fyrir henni verður.

<sup>8</sup> Háskóli Íslands, „Sálfræðiráðgjöf háskólanema,” [http://www.hi.is/salfraedideild/salfradiradgjof\\_haskolanema](http://www.hi.is/salfraedideild/salfradiradgjof_haskolanema) (sótt 2. apríl 2014).

<sup>9</sup> Háskóli Íslands, „Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017,” <http://www.hi.is/sites/default/files/JAFNR%C3%89TTISA%C3%86TLUN%202013-2017%20me%C3%B0%20hyperlinks.pdf> (sótt 1. maí 2014).

Jafnréttisáætlunin hefur að geyma almenna stefnumörkun Háskóla Íslands í jafnréttismálum og þar með er mótaður rammi um þær tilteknu aðgerðir sem Háskóli Íslands telur nauðsynlegt og raunhæft að grípa til á næstu fjórum árum til að bregðast við fjölþættri mismunun. Í áætluninni er lögð áhersla á jafnrétti í viðum skilningi og litið til þeirra margvíslegru meðfæddu, félagslegru og menningarbundnu þátta sem kunna að liggja til grundvallar mismunun. Áhersla er lögð á samspil ólíkra þátta þar sem mismunun byggist oftast á áhrifum og skörun margvíslegra þátta sem móta bæði reynslu og líf fólks. Eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar er að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllu starfi innan Háskóla Íslands. Þar með er stefnt að því allir innan Háskóla Íslands geri það að viðteknu verklagi að huga með markvissum og kerfisbundnum hætti að stöðu ólíkra hópa sem hætt er við mismunun í hvert sinn sem stefna er mótuð eða ákvörðun tekin. Krefst samþættingin þess að hver og einn hafi næga grunnþekkingu til að sjá og viðurkenna stöðu ólíkra hópa innan háskólasamfélagsins, greina stöðuna og leita skýringa, móta markvissar aðgerðir og taka ákvörðun og meta árangur af því sem ákveðið er að gera.


Við gerð áætlunarinnar var mat lagt á stöðu jafnréttismála við Háskóla Íslands, stöðu þekkingar á jafnréttismálum ásamt því að kyngreindum gögnum og gögnum um stöðu annarra hópa var safnað. Námsbraut í fötlunarfræðum og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum komu að gerð áætlunarinnar með því að gefa endurgjöf og umsögn við drögum að áætluninni.

## FATLAÐIR STÚDENTAR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

### Tölulegar upplýsingar um fatlaða nemendur


Á tímabilinu 1995 til 2013 hefur nemendum sem nýta sér þjónustu NSHÍ hvað varðar sértæk úrræði í námi fjölgað stöðugt<sup>10</sup> líkt og sjá má á mynd 1. Skólaárið 2010 til 2011 voru 693 nemendur með samning við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands um sértæk úrræði í námi. Skólaárið 2011 til 2012 voru 835 nemendur með slíkan samning og skólaárið 2012 til 2013 941 nemandi. Þeim hafði fjölgað jafnt og þétt fram að árinu 2008 en fjölgunin hefur verið mun örari síðan, líklega m.a. vegna mikillar fjölgunar nemenda eftir sameiningu HÍ við KHÍ og aukid atvinnuleysi í samfélaginu í kjölfar efnahagshruns.

<sup>10</sup> Allar tölulegar upplýsingar yfir þjónustu sem NSHÍ veitir eru frá NSHÍ. Athuga ber að ýmis vandkvæði eru á að birta slíkar upplýsingar. T.d. má vera að sumir nemendur þyrftu á aðstoð að halda án þess að leitast eftir henni og nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun eru ekki teknir með í þessa tölfræði.



**Mynd 1. Fjöldi nemenda sem nutu úrræða NSHÍ á árunum 1995 – 2013**

Mynd 2 sýnir að af þeim nemendum sem nutu sérúrræða í námi á tímabilinu voru konur í miklum meirihluta (70%) eða 660 á móti 281 karli.



**Mynd 2. Fjöldi karla og kvenna sem nutu úrræða hjá NSHÍ skólaárið 2012 – 2013**

Mynd 3 sýnir hlutfall nemenda sem nutu úrræða hjá NSHÍ af heildarfjölda nemenda í hverri deild Háskóla Íslands fyrir sig. Eins og sjá má er mikill munur á fjölda nemenda á milli deilda.




**Mynd 3. Hlutfall nemenda í deildum Háskóla Íslands sem njóta úrræða NSHÍ**

Á mynd 4 má sjá fjölda nemenda sem fá sérúrræði í námi eftir flokkun skerðinga. Á myndinni eru tölur fyrir skólaárið 2012 - 2013 bornar saman við tölur fyrir skólaárið 2008 - 2009 sem komu fram í síðustu úttekt ráðs um málefni fatlaðra.<sup>11</sup> Athygli er vakin á því að skólaárið 2008 – 2009 voru nemendur á einhverfurófi og með asperger heilkenni flokkaðir með nemendum með taugasálfræðilega skerðingu á borð við ADHD en árið 2012 – 2013 eru þessir nemendur flokkaðir sér. Eins og sjá má hefur fjöldi nemenda aukist verulega á tímabilinu í öllum hópum, sérstaklega þeirra sem njóta úrræða vegna lesblindu, ADHD eða langvarandi veikinda. Fjöldi nemenda með

<sup>11</sup> Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Amalds, *Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007-2009* (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, apríl 2010), 6-7.

úrræði vegna heyrnarskerðingar, sjónskerðingar, sálrænna vandkvæða eða prófkviða hefur sömuleiðis margfaldast.



Mynd 4. Fjöldi nemenda sem fær sérúrræði í námi eftir flokkun skerðinga<sup>12</sup>

## Hagsmunafélög stúdenta

Í gegnum tíðina hafa þrjú hagsmunafélög fatlaðra stúdenta verið starfrækt við Háskóla Íslands; Fortúna, sem er félag um málefni fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands, Manía, sem er félag fólks með geðraskanir innan Háskóla Íslands og Skyn, sem er félag nemenda með sértæka námsörðugleika. Félagið Fortúna hefur legið í dvala á tímabilinu en félögin Manía og Skyn komu bæði að Jafnréttisdögum HÍ árið 2010.<sup>13</sup> Nú um stundir eru bæði félögin hins vegar óvirk, eftir því sem næst verður komist.<sup>14</sup>

## Rannsóknir um fatlaða háskólastúdenta

Á tímabilinu sem þessi skýrsla nær til voru unnar tvær rannsóknir um reynslu fatlaðra háskólastúdenta. Annars vegar er um að ræða lokaverkefni Guðrúnar Lindu Björgvinsdóttur til

<sup>12</sup>Ath. 33 nemendur eru tvítaldir hér vegna þess að þeir hafa fleiri en eina tegund hömlunar.

<sup>13</sup>Háskóli Íslands, „Dagskrá Jafnréttisdaga 2010 / Equality Days 2010 Programme.“ [http://www.hi.is/vidburdir/dagskra\\_jafnrettisdaga\\_2010\\_equality\\_days\\_2010\\_programme](http://www.hi.is/vidburdir/dagskra_jafnrettisdaga_2010_equality_days_2010_programme) (sótt 18. mars 2014).

<sup>14</sup>Stúdentaráð, „Hagsmunafélög.“ [http://student.is/hagsmunaf%C3%A9l%C3%B6g\\_0](http://student.is/hagsmunaf%C3%A9l%C3%B6g_0) (sótt 2. apríl 2014).



BA prófs í Þroskaþjálfrafræðum og hins vegar viðamikla rannsókn sem unnin var undir verkstjórn dr. Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur formanns námsbrautar í fötlunarfræðum.

Verkefni Guðrúnar Lindu ber heitið: *Sérúrræði í námi við Háskóla Íslands*<sup>15</sup> og markmið þess var tvíþætt. Annars vegar að greina og varpa ljósi á þær stuðningsaðgerðir sem í boði eru fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika við Háskóla Íslands. Hins vegar að skoða gagnsemi stuðningsaðgerðanna fyrir nemendur. Í ritgerðinni leitaði höfundur í stefnur og markmið sem háskólinn hefur sett sér og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir. Eigindleg viðtöl voru tekin við tólf nemendur við Menntavísindasviðs Háskóla Íslands árin 2008 - 2010 sem áttu það sameiginlegt að njóta sérúrræða í námi. Jafnframt voru tekin viðtöl við starfsfólk háskólans. Í niðurstöðum kemur fram að forráðamenn Háskóla Íslands séu allir af vilja gerðir til að gera vel en að þær reglur sem háskólinn hafi sett sér séu óljósar í þeim tilvikum sem tiltekinn sérúrræði henti nemenda ekki. Í samantekt sinni kemur Guðrún Linda með tillögur til úrbóta sem hún telur að Háskóli Íslands ætti að gefa gaum. Þar er meðal annars lagt til að fatlaðir nemendur og nemendur með sértæka námsörðugleika eigi sér talsmann sem væri um leið tengiliður við starfsfólk skólans. Ritgerðin er í opnum aðgangi í Skemmunni.

Á tímabilinu 2010 - 2014 var unnið að rannsókninni *Jafnrétti til náms: Réttur og raunveruleiki fatlaðra stúdenta við Háskóla Íslands*.<sup>16</sup> Markmið rannsóknarinnar er að greina stöðu fatlaðra nemenda við HÍ út frá reynslu þeirra sjálfra, íslenskum rétti, reglum sem HÍ hefur sett sér og þeim mannréttindaáherslum sem er að finna í nýjum sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Tekin voru eigindleg viðtöl við 46 nemendur Háskóla Íslands. Meðal þátttakenda voru langveikir nemendur, blindir og sjónskertir nemendur, heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur, nemendur með sálræna og geðræna erfiðleika, hreyfihamlaðir nemendur og nemandi á einhverfurófi. Þátttakendur komu af mismunandi námsbrautum og voru komnir mislangt í námi. Niðurstöður sína að miklar og jákvæðar breytingar hafa átt sér stað innan Háskóla Íslands á undanförunum árum í þá átt að gera fötluðum nemendum auðveldara með að stunda nám við skólann, þó ýmislegt megi enn til betri vegar færa. Vinnu við rannsóknina er ekki lokið en í kaflanum hér á eftir verður gefin innsýn í reynslu þátttakenda af kennslufyrirkomulagi, viðhorfum, aðgengi og aðstöðu og þjónustu NSHÍ.

<sup>15</sup> Guðrún Linda Björgvinsdóttir, „Sérúrræði í námi við Háskóla Íslands“ (BA ritgerð, Háskóli Íslands, apríl 2010), <http://hdl.handle.net/1946/6589> (sótt 2. apríl 2014).

<sup>16</sup> Verkefnastjóri rannsóknarinnar var Hanna Björg Sigurjónsdóttir en í verkefnastjórn voru auk hennar Brynhildur Flóvenz dósent við lagadeild og Rannveig Traustadóttir prófessor við Félags og mannvísindadeild. Starfsmenn rannsóknarinnar frá upphafi voru þau: Knútur Birgisson, Guðrún Björgvinsdóttir, Helga Baldvins og Bjargadóttir og Alma Ýr Ingólfssdóttir.

## Reynsla fatlaðra stúdenta af námi við Háskóla Íslands

Umfjöllunin byggir á viðtölum við 46 nemendur við Háskóla Íslands. Hér verður fjallað um reynslu þeirra af kennslufyrirkomulagi, viðhorfum, aðgengi og aðstöðu og þjónustu NSHÍ.

### Kennslufyrirkomulag

#### ***Bókalistar og skönnun bóka***

Það skipti nemendum miklu máli að bókalistar lægju fyrir tímanlega og væru tæmandi en það virtist nokkuð algengt að þeir bærust helst til seint frá kennurum og væru jafnvel ófullnægjandi, þannig að þegar til þurfi að taka vantaði lesefni á listann. Fyrir blinda og sjónskerta nemendur, sem og mikið hreyfihamlaða nemendur, var þetta afleitt því forsenda þess að geta lært er að hafa aðgengilegt námsefni og skönnun bóka og yfirfærsla á punktaletur getur tekur töluverðan tíma.

Þegar aðgengilegt námsefni berst seint eru viðkomandi nemendur orðnir á eftir í lestri og eiga erfitt og jafnvel ómögulegt með að vinna upp bilið. Blindir og sjónskertir nemendur geta ekki rennt yfir texta og gripið helstu áherslupunkta eins og fullsjáandi einstaklingar geta, heldur þurfa þeir að lesa allan texta yfir frá orði til orðs. Það olli nemendum miklu álagi þegar bækur og greinar bárust seint í aðgengilegu formi, eða eins og einn nemandinn lýsti því:

Í rauninni hef ég aldrei upplifað annan eins vanmátt og annað eins vanmat og það braut mann algjörlega niður. Ég fékk ekki bækurnar mínar stækkaðar eða neitt til að byrja með, það fór allt í gegnum Prentgarð svokallaðan en ég fékk þær kannski bara rétt fyrir próf.

Nokkur dæmi voru um að nemendur fengu ekki aðgengilegt námsefni fyrr en vel var liðið á misserið og sagði hreyfihamlaður nemandi í því samhengi: „Eitt skipti var biðin svo löng eftir skönnun að ég gat ekki tekið miðmissispróf á tilsettum tíma og það endaði með upptöku sjúkraprófs um vorið“.

Flestir nemendanna sögðu ástandið hafa lagast mikið á undanförunum árum. Skönnun bóka tæki mun styttri tíma nú en áður var og algengara að leslistar væru tilbúnir í tíma, þó enn væru dæmi um misbrestir hvað það varðaði. Það að leslistar lægju fyrir tímanlega auðveldaði ekki aðeins nemendum námið sem þurftu á skönnun námsefnis að halda heldur einnig nemendum með takmarkað úthald. Fyrir þá var afar mikilvægt að geta unnið sér í hagin með því að hefja lestur fyrr og gat það jafnvel orðið til þess að þeir gátu tekið fleiri einingar á hverju misseri.

#### ***Glærur***

Nemendurnir töluðu um mikilvægi þess að kennarar notuðu rafrænar glærur í stað þess að skrifa á töflu, í þeim fögum sem því var við komið, því það gat reynst lesblindum og sjónskertum nemendum erfitt og jafnvel ómögulegt að lesa á töfluna. Þá skipti það nemendum miklu að fá glærur sendar fyrir tímum til að unnt væri að koma þeim á aðgengilegt form nógu snemma til að

þeir gætu lesið þær yfir og kynnt sér efni þeirra áður en fyrirlesturinn hæfist. Eða eins og einn nemandinn orðaði það:

Ef ég er búin að lesa það að þá átta ég mig á því sem stendur á glærunum þegar þær birtast. Þá er ég ekki: Hm, já, það er hugsanlega þetta orð eða hitt sem stendur þarna. Ég held að það væri líka gott fyrir alla.

Það að fá glæurnar sendar tímanlega auðveldaði sjónskertum nemendum að fylgjast með í tímum því þá gátu þeir haft glæurnar fyrir framan sig í eigin tölvu og stillt stærð leturs og birtu eins og hverjum best hentaði. Þeir þurftu þó að hlusta vel eftir og reyna að „pinpointa“ á hvaða glæru kennarinn væri hverju sinni og því var þeim mikilvægt að kennarar vísuðu ekki í glæurnar „eins og þið sjáið“ heldur segðu hvað kæmi fram á þeim og ef um mynd væri að ræða lýstu henni til að auðvelda þeim að fylgjast með: „maður finnur að kennarinn er að leggja sig fram t.d. að tala skýrar og benda ekki út í loftið og tala um einhverjar línur sem fara héðan og hingað.“

### **Upptökur – e-mission**

Það er mismunandi á milli deilda, námsbrauta og jafnvel námskeiða hvort fyrirlestrar eru hljóðritaðir í gegnum e-mission og vistaðir á vef viðkomandi námskeiða þar sem nemendur geta hlustað á þá. Þrátt fyrir að viðmælendur væru einhuga um að upptökur gætu aldrei komið í stað þess að vera á staðnum og taka þátt í umræðum voru þeir almennt sammála um mikilvægi þess að hafa þann möguleika að geta hlustað á fyrirlestrana á netinu kæmust þeir ekki í tíma.

Flestir nemendur lögðu sig fram við að mæta vel en margvíslegar ástæður gátu orðið til þess að þeir misstu úr tíma. Einkenni sumra sjúkdómar koma og fara í köstum sem gerir það að verkum að heilsa nemenda er misgóð og dæmi voru um að nemendur þurftu að leggjast inn á sjúkrahús í verstu köstunum, þá gat félagskvíði og þunglyndi hamlað mætingu en einnig aðgengishindranir.

Hreyfihamlaður karlmaður lýsti því hvernig hann hafði neyðst oft en einu sinni til að sleppa kennslustund í Lögbergi vegna þess að lyftan þar var biluð og hreyfihömluð kona sagði frá því hvernig hún hafi keyrt í stórhrið í skólann og fengið bílastæði sem búið var að skafa nálægt inngangi en snjóruðningarnir voru svo nærri hliðum bílsins að hún komst ekki út úr honum með hjólastólinn. Nemendur töluðu þó ekki aðeins um mikilvægi upptaka í þeim tilvikum sem þeir gætu ekki mætt í tíma því nemendur sem áttu í erfiðleikum með að taka glósur og höfðu ekki glósuvin sögðu hjálplegt að geta hlustað aftur á upptökur.

### **Upptökur - diktafónar**

Í þeim tilvikum sem fyrirlestrar eru ekki teknir upp í e-mission geta nemendur óskað eftir því við NSHÍ að fá leyfi til að hljóðrita fyrirlestra fyrir sig persónulega sem eitt af þeim sértæku úrræðum sem þeir þurfa á að halda í námi. Náms og starfsráðgjöf HÍ getur veitt þetta leyfi að því tilskyldu að viðkomandi kennarar veiti samþykki sitt. Sumir nemendur veigruðu sér við því að biðja

kennara sína leyfis af ótta við að þeir væru viðkvæmir fyrir því að láta taka sig upp á meðan aðrir hikuðu ekki við að tala við kennara sína.

Þegar til átti að taka tóku kennarar beiðni nemenda misjafnlega. Á meðan flestir kennarar veittu leyfi sitt góðfúslega, gerðu aðrir það með semingi og enn aðrir neituðu að gefa samþykki sitt. Einn kennari samþykkti að heimila nemanda upptöku eftir að nemandinn hafði útskýrt að hún þyrfti á þessu úrræði að halda til að njóta jafnræðis á við aðra nemendur þrátt fyrir að honum fyndist „tilhugsunin afar óþægileg og óttaðist að upptakan myndi hafa áhrif á gæði kennslunnar“. Nokkrir kennarar neituðu nemendum alfarið um að hljóðrita fyrirlestra þrátt fyrir að þeir gerðu grein fyrir stöðu sinni og nauðsyn þess að fá taka fyrirlesturinn upp.

Ég [...] gerði honum ljóst að ég hefði gert samning við námsráðgjöf um að ég megi ekki deila þessum fyrirlestrum og skrifað undir eitthvert plagg um að það ætti að vera alveg safe og ef ég mundi deila þessu að þá mundi ég vera sama sem rekinn því þá mundi ég missa mín úrræði frá námsráðgjöf sem þýðir að þá get ég ekki stundað nám þannig að það mundi gilda fyrir mig brottrekstri úr skóla. En hann treysti sér ekki til að hafa þetta og ég virti það bara.

Þrátt fyrir að almenna reglan sé sú að það sé undir hverjum og einum kennara komið hvort þeir heimili upptökur eða ekki þá hefur sú nýbreytni orðið t.d. í félagsráðgjafadeild að nemandi þarf ekki að fara bónleið að hverjum kennara heldur nægir honum að tala við deildarstjóra.

### **Hljóðkerfi**

Þess voru dæmi að hljóðkerfi í stóru fyrirlestrarsölunum væru biluð en heyrnarskertir nemendur lögðu áherslu á að það væri grundvallaratriði að þessi tækjabúnaður virki. Þeir sögðu allt of algengt að hljóðkerfin í stóru fyrirlestrarsölunum væru til vandræða, batterí vantaði eða kennari lenti í erfiðleikum með hljóðbúnaðinn af öðrum ástæðum. Ef ekki náðist í umsjónarmann viðkomandi byggingar hóf kennarinn gjarnan kennsluna með orðunum: „Ég skal bara reyna að tala hátt svo allir heyri.“ Þetta kom mörgum nemendum afar illa og sagði nemandi með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu í því samhengi:

Mér fannst þetta mjög óþægilegt. Mér fannst bara eins og ég segi [...] ég heyrði ekki neitt og sá vart á þessar glærur [...] ég gerði voðalega lítið í tímunum, ég einhvern veginn sat þarna og hafði góða samvisku af því að mæta í tímana.

Heyrnarskertur nemandi sagði:

Þó ég sitji framarlega þá er þetta einhvern veginn svo óskýrt og ég veit að fólk sem situr aftast með fulla heyrn að það heyrir oft ekki það sem kennarinn er að segja [...] Það skiptir mjög miklu máli (að hljóðkerfið sé í lagi) því annars gæti ég alveg sleppt því að vera þarna. Ég held að kennararnir kunni ekki vel á þetta og ef þetta virkar ekki strax að þá bara: „Æi, ég nenni ekki að eyða tíma í þetta“ [...] þannig að mín skilaboð eru: Lærið á tækin [...] og alltaf að nota míkrofón hvort sem einhver biður um það eða ekki.

### **Stundatafla**

Almennt voru nemendurnir sammála um að best væri ef tímar hæfust ekki fyrir klukkan tíu á morgnana og að stundatafla væri samfelld. Þeir nemendur sem þurftu að taka lyf að staðaldri t.d. vegna flogaveiki eða geðsjúkdóma sögðu lyfin auka mjög á svefnþörf og því hentuðu tímar klukkan rétt rúmlega átta að morgni afar illa. Eins áttu hreyfihamlaðir nemendur sem þurftu aðstoð frá heimahjúkrun og ferðapjónustu illmögulegt með að mæta fyrir klukkan tíu á morgnanna. Nemendur sem höfðu takmarkað úthald, t.d. vegna langvarandi sjúkdóma, töldu best að sækja námskeið fyrri hluta dags þegar úthald þeirra var sem mest.

Samfella í stundatöflu var mörgum fötluðum nemendum afar mikilvæg. Slitin stundatafla þar sem mikið er um eyður og gert ráð fyrir mætingu fyrir og eftir hádegi hentaði flestum þátttakendum illa og þó svo að sumir þátttakenda hafi getað nýtt tímann á milli til að læra gátu það ekki allir. Þeir nemendur sem höfðu takmarkað úthald sögðu það myndi breyta öllu fyrir þá ef þeir hefðu aðgang að hvíldarherbergi. Dæmi voru um nemendur sem höfðu ekki úthald í meira en tvær til þrjár klukkustundir í senn en þurftu þá að leggjast fyrir þó ekki væri nema í hálf tíma til að endurnýja sig.

Slitin stundatafla var einnig afar óheppileg fyrir mikið hreyfihamlað fólk því sérútbúin salernisaðstaða er ekki til staðar í byggingum háskólans. Aðstaða með bekk og lyftu ásamt nægu rými fyrir aðstoðarmenn til að athafna sig væri í raun skilyrði þess að margir þessara nemenda gætu verið í skólanum allan daginn. Þá áttu nemendur sem þurftu á aðstoðarmönnum að halda við athafnir daglegs lífs og voru ekki með þjónustusamning um notendastýrða persónulega aðstoð erfitt með að vera í skólanum allan daginn því þeir aðstoðarmenn sem NSHÍ veitir aðstoða einungis við athafnir sem tengjast námi og kennslustundum.

### **Mætingarkröfur**

Stífar mætingarkröfur gátu komið nemendum illa. Þetta átti sérstaklega við um nemendur með félagsfælni sem áttu í erfiðleikum með að vera innan um fólk og vera í samskiptum við það. Dæmi var um að mætingarskylda hafi orðið til að seinka námsframvindu nemanda og haft áhrif á lánshæfi hjá LÍN jafnvel þó að nemandi hafi skilað öllum verkefnum á fullnægjandi hátt og staðist próf. Þessum nemanda var ekki ljóst að um skyldumætingu var að ræða í upphafi náms því ekkert þar um var í námskeiðslýsingu. Stífar mætingarkröfur gátu einnig komið öðrum nemendum illa sbr. þær ástæður sem geta hamlað mætingu og eru taldar fram hér að framan í kaflanum um e-mission upptökur. Með því að gefa mætingu frjálsta í mörgum námskeiðum töldu viðmælendur okkar ekki verið að slaka á eðlilegum námskröfum.

### **Námsálag**

Námsálag má að nokkru meta út frá þeim námshraða sem nemendur telja að henti sér en misjafnt var á milli nemenda hvaða námshraði hentaði hverjum og einum. Nemendur sem höfðu

takmarkað úthald þurftu heilsu sinnar vegna oft að fara hægar yfir en almennt er gert ráð fyrir á meðan skortur á nauðsynlegum stuðningi gerði öðrum nemendum ókleift að stunda nám á þeim hraða sem þeir óskuðu sér. Hreyfihamlaður nemandi sagði:

Núverandi ástand hefur valdið mér miklum kvíða og streitu því að ég hef ekki þá aðstoð sem ég þarf til að geta stundað háskólanám. Í dag stend ég frammi fyrir því að komast ekki í prófin í desember því ég hef dregist aftur úr vegna skorts á þjónustu og er það ekki í fyrsta skipti sem það gerist.

Þá gerðu nemendur skýran greinarmun á jákvæðu álagi annars vegar og neikvæðu álagi hins vegar. Nemandi með geðsjúkdóm sagði margt fólk sem greinst hefur með geðraskanir þola mjög vel jákvætt álag á meðan neikvætt álag færi illa með fólk. Þannig geti álag vegna prófa reynst fólki heilsuspillandi og því væri mikilvægt að námsálag dreifðist jafnt yfir misserið. Þessi nemandi sagði:

Ég get þolað mjög mikið álag svo framarlega sem það er jákvætt álag og það er eitthvað sem að ég sé framúr og finnst vera viðráðanlegt. Þá get ég alveg tekist á við það álag [...] Jafnt álag yfir alla önnina, er mjög mikilvægt, sérstaklega fyrir þá sem eru andlega veikir. Of mikill álagstími á stuttum tíma er skelfilegt.

### **Sveigjanlegir námshættir**

Margir nemendur þurfa á sveigjanleika að halda í námi. Skilningur kennara á aðstæðum nemenda var þó mismikill eins og meðfylgjandi dæmi tveggja nemenda með geðröskun bera með sér. Þessi nemandur áttu það sammerkt að þurfa að fara fram á sveigjanleika í verkefnaskilum. Í öðru tilvikinu „sagði kennarinn að það kæmi sér ekki við hvað væri að hrjá nemandann hann ætti að skila á sama tíma og aðrir“ en í hinu tilvikinu heimilaði kennarinn sveigjanleg verkefnaskil með þeim skilmálum að nemandinn þyrfti að sýna fram á framvindu verkefnisins og setja upp tímaáætlun fyrir hvern þátt þess.

### **Sveigjanlegt námsmat**

Nemendur sem þurftu sveigjanlegt námsmat töluðu um mikilvægi þess að ákveða snemma hvernig námsmat færi fram. Nemendur töluðu um það hafi stundum tekið „ofboðslega langan tíma að ákveða hvernig námsmatið væri“.

### **Viðhorf og væntingar**

Almennt voru nemendur ánægðir með kennsluna og viðmót og framkomu kennara sinna og töluðu sumir um „að betri og skilningsríkari kennara hafi þeir ekki getað fengið“. Flestir sögðu aðgengi að kennurum sínum gott, þeir hafi alltaf getað leitað til þeirra ef upp komu vandamál og að kennararnir hafi verið fljótir að bregðast við ábendingum frá nemendum. Kennarar eru þó jafn ólíkir og þeir eru margir og þekking þeirra og skilningur á aðstæðum nemenda var mismikill:



Kennarinn [...] talar kannski hratt og túlkarnir túlka alveg eins hratt og þeir geta og [...] ef það var einhver misskilningur milli mín og túlksins að þá kemur aukatími sem ég þarf að lesa en heyrandi fá allar upplýsingarnar strax. Ef kennarinn væri meðvitaður [...] tala nú ekki um ef hann kynni táknið þá væri jöfn staðan fyrir mig og aðra nemendur.

### Væntingar

Nemendur vilja að kennarar geri miklar kröfur til þeirra og fatlaðir nemendur eru engir eftirbátar annarra hvað það varðar. Hreyfihamlaður nemandi sagðist þakka öllum sínum kennurum fyrir að gera sömu kröfur til sín og annarra nemenda og fyrir að hafa haft trú á sér með því að dæma sig og getu sína ekki fyrirfram á meðan heyrnarskertur nemandi sagði:

Ég vil ekki nota orðið oft, en annað slagið var ákveðið viðhorf sem ég fann hjá kennurum, þeir voru svona aðeins að dæma hvað ég gæti. Mér þótti það mjög leiðinlegt að þeir væru að ákveða það fyrir fram [...] Kennararnir áttu það til að koma ekki eins fram við mig og við aðra nemendur sína. Sögðu „já, heyrnarlaus“ eins og það væri svona hausverkur. Ég er heyrnarlaus en ég er ekkert öðruvísi en þeir sem eru ekki heyrnarlausir. En svo voru margir frábærir kennarar líka.

Þeir nemendur sem upplifðu vanmat sögðust hafa þurft að sanna sig:

Ég held að maður sé búinn að vera það lengi að það sé komin reynsla á það. Ég get lært! Þú þarft að sanna þig! Það er eins og með fatlað fólk að það þarf að sanna sig, þetta er bara viðhorfið í þjóðfélaginu.

### Samkomulag

Nemendur áttu það sammerkt að leggja mikið upp úr góðum og persónulegum samskiptum við kennara sína. Algengt var að þeir þyrftu að gera sérstakt samkomulag við kennara um ýmis atriði eins og t.d. að fá verkefni yfirfarin á tölvutæku formi en blindir og mikið sjónskertir nemendur geta ekki lesið athugasemdir kennara öðruvísi. Nemendur sögðu flesta kennara hafa sýnt aðstæðum þeirra mikinn skilning og að þeir væru yfirleitt allir af vilja gerðir til þess að koma til móts við þá en þeir áttu það til að gleyma samkomulaginu frá einum tíma til annars:

Þeir eru kannski tilbúnir en þeir gleyma sér og ég er einhvern veginn þannig týpa að ég get ekki í hverjum einasta tíma sagt: „Halló, manstu ekki eftir mér?“ Það er bara dónalegt og mér finnst það líka bara óþægilegt [...] að vera alltaf að minna á þetta og að ég þurfi aðra þjónustu en aðrir nemendur.

Til að fá þá aðstoð og þann stuðning sem þeir þyrftu til að njóta jafnræðis við aðra nemendur neyddust þeir því til láta meira á sér bera en nemendur þurfa alla jafna að gera:

Ög maður þarf alltaf að fara svona bónleið að kennaranum, þú þarft alltaf að biðja kennarann [...] þegar þú ert að byrja í námskeiði þá þarftu að standa fyrir framan kennarann og allan bekkinn og segja: „Fyrirgefðu, má ég taka upp fyrirlestra hjá þér?“

Nemendur vildu hvorki fá vorkunn frá kennurum sínum né of mikla athygli út af fötluninni og sumir upplifðu sem þeir væru að væla yfir skerðingu sinni. Sjónskertur nemandi sagði að sér liði oft eins og hann væri í hálfgerðri ölmusu. Hann var þreyttur á að þurfa að hafa fyrir því í hverjum

einasta tíma að minna á sig og lýsti því hversu erfitt sér hafi þótt að biðja kennara sína aftur og aftur um „að segja frá um leið hvað þeir væru að skrifa, að öðrum kosti gæti hann ekki fylgst með þar sem hann sæi ekki á töfluna“.

### **Viðhorf**

Almennt báru nemendur samnemendum sínum, kennurum og öðru starfsfólki vel söguna og sögðust hafa góða reynslu af viðmóti þeirra. Örfá dæmi voru um að nemendur hefðu slæma reynslu af kennurum í starfsnámi sem þeir þurftu að taka utan veggja háskólans. Að sögn þessara nemenda mættu þeir meiri fordómum vegna fötlunarinnar í starfsnáminu en nokkurn tímann innan skólans. Annar nemandinn sagði frá því að sér hafi gengið prýðilega í námi fram að þeim tíma að hann fór í starfsnám en þar var hann felldur í tvígang á grundvelli fötlunar. Í síðara skiptið leitaði nemandinn ásjár deildarforseta og sérfræðings sem varð til þess að hægt var að hnekkja úrskurðinum á þeirri forsendu að samkvæmt lögum mætti ekki mismuna fólki vegna fötlunar og veikinda. Hinn nemandinn sagði:

Sumir dæmdu mig fyrirfram vegna slæmrar reynslu af öðrum heyrnarlausum. Ég þurfti að berjast fyrir því að ég væri ég og ég væri svona. Á öðrum stöðum var mjög vel tekið á móti mér.

### **Aðgengi og aðstaða**

Þátttakendur voru sammála um að aðgengi að skólanum hefði batnað mikið á undanförunum árum þó enn væri margt sem betur megi fara. Byggingar háskólans eru margar og mismunandi hvað varðar aðgengi fyrir fatlað fólk og fer ástandið nokkuð eftir aldri bygginga en ekki eingöngu. Háskólatorg var t.d. mörgum blindum og sjónskertum nemendum erfitt og skortur á leiðarlínum í gólfum gerði þeim erfitt um vik að komast leiðar sinnar. Fyrir þennan hóp var aðgengið í nýbyggingum háskólans einna erfiðast því þar eru svartir og gráir litir ríkjandi og mikið um gler sem er vont vegna endurskins og þess að útlínur umhverfis verða illgreinanlegar og hætta er á að fólk slasi sig en nokkur dæmi voru um að nemendur hefðu gengið á gler og eins hafði nemandi brotið sig þegar hann datt í tröppu sem hafði ekki venjulegt stig:

Mér tókst að gleyma því eða að sjá ekki efstu tröppuna og rak tærnar í og magalenti og braut á mér hendina í fyrri [...] það er ekki venjulegt stig [...] þú stígur annað hvort of langt og manst ekki [...] þetta er ekki þetta venjulega bil.

### **Lyftur**

Nemendur sem notuðu stóra hjólastóla töluðu sérstaklega um að þó að byggingar ættu að heita aðgengilegar þá væru lyftur í sumum byggingum það þröngar að það væri á mörkum þess að þeir kæmust inn auk þess sem takkarnir væru illa staðsettir. Lyftutakkarnir gátu einnig reynst sjónskertum nemendum erfiðir eða eins og einn þeirra orðaði það: „Maður sér ekki á takkana.“



Þegar þú ýtir á takkana þá kemur ljós í kringum þá en ekki í takkanum sjálfum.“ Þá eru lyftur í sumum byggingum hafðar læstar og þurfa hreyfihamlaðir nemendur því að kalla út umsjónarmann í hvert sinn sem þeir þurfa að nota þær.

### ***Óaðgengilegar stofur***

Hreyfihamlaður nemandi sagði sumar stofur það brattar að hann neyddist til að sitja efst og sé þá „aftar en allar sætaraðirnar og sé ekki neitt“ eða þá setið neðst og „einnig séð ekki neitt vegna nálægðarinnar við tjaldið“. Til þess að vera fremst í salnum þurfa hreyfihamlaðir nemendur að fara í lyftu:

Sem er mjög lítil og rúmar varla mig og aðstoðarmanneskju mína, í gegnum bókasafnið, þaðan inn í geymslu og svo inn í salinn. Fyrir utan það að oft þarf að hringja í húsvörð til að opna því að þessar geymsludyr eru oft læstar. Engin sérmerkt bílastæði eru fyrir aftan skólann þannig að ég get ekki farið beint af bílastæðinu og inn í salinn.

Nemendur sem þurftu að kalla eftir aðstoð umsjónarmanna fyrir hvern tíma til að láta opna fyrir sig hurðir eða fá aðstoð við að komast inn í illa aðgengilegar stofur voru þreyttir og argir út í þá sem skipuleggja námið:

Ég meina þau eiga að gera ráð fyrir því [...] þau sjá listann í þessum kúrsi og það er kannski gert ráð fyrir þremur fötluðum og þá eiga þau að finna stofu sem hentar án þess að þurfa að skapa ákveðið vesen. Kannski er ég bara svona bitur en mér fannst það eiginlega fullmikið að þurfa að standa í því að biðja um lykil og láta opna fyrir mér. Ég meina, ég vil bara geta mætt í mína tíma og bast.

Nemendur bentu á að þó að kennslustofur ættu að heita aðgengilegar væru margar hverjar of þröngar og ekki hannaðar með tilliti til fólks í hjólastólum. Í sumum stofum væri einungis pláss fyrir fólk í hjólastól í gangvegi sem hindraði að aðrir gætu átt þar greiða leið um og aðrar voru þannig hannaðar að þær komu í veg fyrir fulla þátttöku nemenda:

Það var rosalega brattur salur og ég þurfti að vera alveg efst af því að ég kemst ekki niður þær tröppur [...] svakalega brattar. Kennarinn kemur inn og biður alla að fara fremst. Ég gat ekkert gert það sem maðurinn bað um.

### ***Séraðstaða***

Í einstaka tilvikum þurftu nemendur á sérstakri aðstöðu að halda sem ekki var fyrir hendi í viðkomandi kennslustofum. Þannig þurftu nemendur sem ekki gátu notað stóla með samföstum kennsluborðum t.d. að fá sérstakt borð og sæti inn í kennslustofunni. Þessir nemendur töluðu um að það væri allur gangur á að það skilaði sér en án þessarar aðstöðu gátu þeir hvorki setið, skrifað eða notað tölvur.

### ***Salernisaðstaða***

Mikið hreyfihamlað fólk lagði áherslu á að það vantaði tilfinnanlega salernisaðstöðu með sérstakri lyftu og skiptibekk. Hreyfihömluð kona sagði:

Mér finnst vanta aðstöðu fyrir mikið fatlað fólk eins og mig til að fara á klósettið [...] það vantar svona bekk og lyftu til að lyfta manni upp á bekkinn. Ég hafði svona aðstöðu í menntaskólanum. Ég gat verið allan daginn þar. Mér finnst háskólinn hafa komið meira til móts við fatlaða nemendur á undanförunum árum en það vantar svona aðstöðu.

### **Sjónrænar upplýsingar**

Nemendur sögðu sjónrænt aðgengi í skólanum hafa lagast á undanförunum árum og nú væru stofur víða merktar þannig að sjónskertir nemendur geti lesið merkingarnar fari þeir nógu nálægt þeim. Upplýsingatöflur háskólans væru hinsvegar óaðgengilegar sjónskertu fólki sem þyrfti dekkra og breiðara letur og sama var uppi á teningnum með matseðillinn í Hámu sem er skrifaður á töflu þannig að „það væri ekki séns að ég geti lesið þetta“. Þá reyndist aðgengi að innra neti skólans blindum og sjónskertum nemendum erfitt og oft komu upp tæknileg vandamál með leturgerðir og talþjóna. Einn nemandinn lýsti því svo:

Uglan er auðvitað alveg hræðilega óaðgengileg. Samnemendur mínir hafa hlegið að því að hún er nú reyndar óaðgengileg fyrir alla. Að sækja glósur og svona [...] en kennarinn sendir yfirleitt herna glósurnar eða eitthvað sem hann er að segja í tölvupósti [...] Konan mín og minn aðstoðarmaður nota bara Ugluna [...] sem er auðvitað ákveðin persónuskerðing að þurfa að láta einhvern annan skoða fyrir mann einkunnir.

### **Bílastæði**

Þeir viðmælendur sem þurftu að nota sérmerkt bílastæði háskólans voru sáttir við stæðin en settu út á hversu fá þau væru eða eins og einn nemandinn orðaði það:

Það er leiðinlegt að þurfa að vera í kappi við samnemendur sína um þessi fáu stæði sem eru í skólanum og vita svo af því að þessi aðili hafi ekki fengið stæði vegna þess að ég hafi verið á undan.

### **Hurðaoþnir**

Víða eru komnir hurðaoþnir við útidyr skólans sem auðvelda hreyfihömluðum nemendum aðgengi að byggingum en í miklum hvassviðrum þarf stundum að loka fyrir notkun þessara hurða. Í sumum byggingum eru hurðaoþnir inn í anddyri þar sem aðrar dyr taka svo við með engum hurðaoþnum og sagðist hreyfihamlaður nemandi hafa spurt sig „hvort hann væri eingöngu velkominn anddyri skólans“.

### **Afdrep og aðstaða til náms**

Nemendur með takmarkað úthald lögðu mikla áherslu á mikilvægi þess að komið yrði upp hvíldarherbergi sem þeir gætu nýtt á milli tíma og eins í prófum en dæmi voru um nemendur sem þurftu að yfirgefa þriggja tíma próf áður en klukkustund var liðin vegna þess að þeir urðu að leggjast fyrir.

Blindur nemandi talaði um mikilvægi þess að blindir nemendur ættu ákveðið borð í lesherbergjum. Sá nemandi sagði ástæðu þess að hann hefði ekki nýtt sér lesherbergi væri hversu erfitt það væri:

Þegar maður er að fara að læra í einn og hálfan tíma að labba inn í þrúgandi herbergi þar sem enginn má hnerra liggur við og maður er ráfandi um í tvær þrjár mínútur til leita að borði. Þreifandi á bókum og hárum á fólki, það er ekkert skemmtilegt og þá bara forðast maður það.

Þessi nemandi lagði til að fremsta borðið í lesherbergjum yrði sérstaklega merkt blindu fólki en þó þannig að aðrir gætu notað það:

Því líkurnar að blindur maður situr þarna eru hverfandi [...] en að viðkomandi myndi þá færa sig þegar blindi maðurinn kemur.

Þá sögðu blindir og sjónskertir nemendur frá því að það vantaði afdrep þar sem þeir gætu hlustað á talgervil í tölvunni og tölvu með stækkunarþúnaði í háskólanum. Slíkt væri virkilega slæmt „í ljósi þess að ef einkatölvur bilar þá eru engin tímabundin úrræði“.

### **Sjónþúlkun**

Blindir og sjónskertir nemendur töluðu um að það vantaði virkilega sjónþúlkun fyrir sjónrænu fögin eins og t.d. í aðvarfsgreiningu og þegar verið er að vinna með forrit eins og SPSS. Þar sem engir sérkennarar eru við HÍ þarf NSHÍ að leysa málin í samráði við viðkomandi deild með því að finna samnemanda til að taka ábyrgð á þessu. Blindum og sjónskertum nemendum fannst þetta fyrirkomulag vera mjög mikill galli og óskuðu þess að innan HÍ störfuðu sérkennarar sem fatlaðir nemendur gætu leitað til með því að labba bara þarna inn og bóka tíma.

## **Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands**

Þeir nemendur sem kusu að leita aðstoðar NSHÍ voru almennt ánægðir með náms- og starfsráðgjafann sinn og orðaði einn nemandi það þannig að NSHÍ hafi bókstaflega „haldið sér á floti í gegnum námið“:

Námsráðgjafinn var mitt akkeri og þó að ég hafi ekki verið alltaf inn á gafli hjá ráðgjafanum þá var það mikill stuðningur að geta alltaf leitað til hans.

Aðspurður sagði annar nemandi um það hvort hann myndi mæla með skólanum við aðra nemendur með samskonar fötlun:

Já, hiklaust. Úrræðin sem ég fékk voru frábær og námsráðgjafinn æðisleg. Hún var svakalega dugleg að finna úrræði sem ég ætti rétt á og bjóða mér, sumt hentaði mér ekki en annað gerði það og ég þáði þau.

Sumir nemendur kviðu í upphafi fyrir því að hefja háskólanám vegna þess að þeir vissu ekki við hverju þeir ættu að búast eða hversu mikinn stuðning þeir myndu fá en sá kvíði hvarf yfirleitt fljótt:

Ég fór fyrst að tala við námsráðgjafa og þá kom það mér mikið á óvart þegar það var sagt að þú færð þetta, þetta og þetta. Ég þurfti ekki að draga það upp með tóngum eins og í framhaldsskólanum.

Og annar nemandi sem var lengra kominn í námi sagði:

Núna að þá flæðir þetta svo vel og maður þekkir kerfið [...] þau (NSHÍ) þekkja hvaða þjónustu ég þarf og þegar ég sendi þeim tölvupóst eða hringi í þau eða eitthvað [...] ég hef ekki áhyggjur af því að ég veit að það leysist skilurðu. Maður er ekki með neinn kvíða í maganum.

Nemendur sem höfðu verið við Háskóla Íslands yfir lengra tímabil sögðu NSHÍ hafa tekið stakkaskiptum. Heyrnarskertur nemandi sagði afskaplega gaman að sjá þann mun sem hafi orðið frá því að hann sótti um nám árið 2003 og svo aftur núna:

Það er alveg tvennt ólíkt. Það þurfti svo mikið og [...] þetta var mikið ferli [...] og það var alltaf verið að spyrja hver borgar en núna [...] ég bara sótti um alveg eins og allir aðrir nemendur og ég fékk bara svar: Þú ert komin inn! Ég var beðin bara að hafa samband við námsráðgjafa í haust og búið. Það var ekkert verið að hugsa: Er þetta hægt, er þetta soun á peningum að vera að borga fyrir túlk [...] ekkert svoleiðis.

Þó jákvæðar frásagnir væru áberandi fannst einum nemanda hann ekki vera nægilega vel upplýstur um þau úrræði sem voru í boði hjá NSHÍ. Nemandinn sagði:

Á maður sjálfur að vera búinn að kynna sér þetta með einhverjum ósýnilegum pappírnum og koma og spyrja: „Mætti ég gera þetta?“ Ég veit ekki alveg hvernig þessi þjónusta virkar þarna.

Náms- og starfsráðgjafi hafði spurt þennan nemanda hvaða úrræði hann hefði fengið í framhaldsskóla og síðan boðið nemandanum þessi sömu úrræði. Nemandinn var mjög ósáttur þegar hann komst seinna að því að aðrir nemendur væru að fá úrræði sem hefðu gagnast honum en hann vissi ekki af.

### ***Kynning á nemendum***

Nokkrum nemendum fannst erfitt að þurfa sjálfir að gera kennurum grein fyrir skerðingu sinni og þætti betra ef farin væri sú leið að náms- og starfsráðgjafinn væri í tengslum við deildirnar, kynnti nemendur og segði hvaða úrræðum þeir þyrftu á að halda.

Þannig að það sé í fyrsta lagi ekki eins og þetta sé að koma þeim á óvart, að maður sé að biðja um þetta, það sé bara eins og þrúma úr heiðskíru lofti og í öðru lagi að maður mundi ekki mæta svona þú veist „atmosphere“.

Þessir nemendur sögðu að þeir hefðu þurft að hafa mikið frumkvæði að því að fá þá aðstoð sem þeir þyrftu og þeim úrbættum sem þyrfti að gera þrátt fyrir að upplýsingar um skerðingu þeirra lægi fyrir. Þeir voru ósáttir við að upplýsingar bærust ekki frá náms- og starfsráðgjafa til kennara og töldu það geta munað miklu ef í boði væri að skrá sögu sína í upphafi skólagöngu. Með því móti þyrftu þeir einungis að segja sögu sína einu sinni og NSHÍ gæti svo metið það með viðkomandi hverjir fengju aðgang að sögu þeirra.

### Ónæg úrræði

Nemandi, sem þurfti aðstoðarmann bæði í tímum og eins við heimanám en var ekki með notendastýrða persónulega aðstoð sagði þau úrræði sem NSHÍ hefði yfir að ráða ekki næg:

Þó að skólinn sé að veita þetta og sýnir viðleitni í því og námsráðgjöfin er svo sannarlega að reyna að gera það, það er ekki það. Ég meina að ég fæ að vera með upptöku í fyrirlestrum og ég fæ aðstoð við heimanám til að flýta fyrir en það er kannski ekki nema átta tímar á viku sem ég deili kannski niður á fimm til sjö daga skilurðu og það er ekki nóg en þetta er samt það sem mér er úthlutað [...] ég segi ekki að það hafi ekki hjálpað en það er ekki nóg.

### Glósuvinir

Eitt af þeim úrræðum sem eru í boði fyrir nemendur sem þurfa á sérúrræðum að halda eru glósuvinir. Í því felst að NSHÍ útvegar nemandanum glósuvin úr sama námskeiði sem tekur niður glósúr úr fyrirlestrum og sendir nemanda. Nemendur höfðu misgóða reynslu af þessu úrræði. Sumir voru mjög ánægðir en þeir voru fleiri sem sögðu að úrræðið hefði ekki gagnast þeim vegna þess hversu langan tíma það tók að útvega glósuvin, glósuvinur hætti á miðju misseri, glósurnar voru misgóðar og ekki alltaf skilað á umsömdum tíma. Dæmi voru um að glósurnar bærust rétt fyrir próf og það kom fyrir að nemendur þyrftu að fara þess á leit við NSHÍ að ýta á eftir því að glósuvinirnir skiluðu vinnunni sinni. Einn nemandi sagði:

Það er ekki fyrr en eftir verkefnaviku að ég fæ bara manneskju til að taka niður glósúr. Mér finnst það soldið vont að fá ekki glósuvin fljótt og vel og það hefur komið fyrir að glósuvinur hefur ekki skilað [...] ekki sinnt starfinu.

Annar nemandi sagðist ekki ætla að nýta sér þetta úrræði aftur vegna þess:

Að það var svo margt í þessum glósum sem var bara einfaldlega ekki rétt sem ég vissi betur, viðkomandi sem var að skrifa þetta hefur bara ekki heyrt rétt eða [...] mér finnst þetta ekkert sniðugt. Hvernig veit maður að maður eigi að treysta þessu eða ekki.

### Aðstoðarfólk

Þeir nemendur sem fengu aðstoðarmanneskju í gegnum NSHÍ voru einnig misánægðir. Sumir voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag:

Í skólanum þarf ég t.d. að fá aðstoð, við að taka glósúr í kennslustundum og ósérhæfða aðstoð við heimanám, þ.e. aðstoðarmaðurinn slær inn fyrir mig á tölvu og auðveldar aðkomu mína að námsefninu almennt. Aðstoðarmaðurinn gerir það að verkum að auðveldara verður fyrir mig að halda sama námshraða og samnemendur mínir.

Dæmi voru um að það hefði verið auglýst eftir aðstoðarmanni en enginn fengist og að aðstoðarmenn hafi verið of uppteknir til að sinna starfi sínu. Einn nemandi sagðist hafa haft aðstoðarmann sem var „rosalega busy og... það var ofboðslega erfitt að suða í honum að fá tíma. Maður þurfti næstum því að grenja það út.“ Nokkrir nemendur sögðu rangt að blanda



saman samnemendum og aðstoðarmönnum því það eyðilegði félagstengsl sem myndast og gerði óljóst hvað viðkomandi væri á hverjum tíma:

Þá hefðu háskólanemendur nóg að gera í sínu námi og ættu erfitt með að taka þessa aðstoð að sér og þegar nær dregur lokaprófum þá bakka nemendur með aðstoðina.

Þetta sagði nemandi sem var að bíða eftir þriðja aðstoðarmanninum á sama misserinu og nú væri svo komið að hann neyddist líklega til að segja sig úr námskeiðum.

## RANNSÓKNASETUR

Þann 25. júní 2010 var stofnuð rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið. Hlutverk stofunnar er að sinna rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi á málefnum fatlaðs fólks. Enn fremur er stofunni ætlað að vera vettvangur rannsókna á störfum og starfsviði þroskaþjálfara og stuðla að aukinni samvinnu fatlaðs fólks og fræðimanna í rannsóknum. Guðrún Valgerður Stefánsdóttir hefur verið ábyrgðarmaður stofunnar frá stofnun hennar<sup>17</sup>. Með stofnun rannsóknarstofu í þroskaþjálfarafræðum eru tvær rannsóknarstofur við Háskóla Íslands sem fást við rannsóknir á málefnum fatlaðs fólks, en Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur verið starfrækt frá árinu 2006.

## FRÆÐSLA, ERINDI OG RÁÐSTEFNUR

Á tímabilinu sem skýrslan tekur til hefur Ráð um málefni fatlaðs fólks, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Námsbraut í þroskaþjálfarafræðum og Rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum staðið fyrir ýmis konar fræðslu, erindum og kynningum innan Háskóla Íslands. Jafnframt hafa Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum tekið þátt í fjölmörgum ráðstefnum, málþingum og málstofum sem varða málefni fatlaðs fólks utan Háskóla Íslands.

---

<sup>17</sup> Háskóli Íslands, „Rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum stofnuð,“ fréttatilkynning 30. júní 2010. [http://www.hi.is/frettir/rannsoknarstofa\\_i\\_throskathjalfafraedum\\_stofnud](http://www.hi.is/frettir/rannsoknarstofa_i_throskathjalfafraedum_stofnud) (sótt 1. maí 2014).

## Fræðsla og kynningar

Að sögn Ingunnar Margrétar Ágústadóttur, náms- og starfsráðgjafa, hefur NSHÍ staðið fyrir fræðslu fyrir starfsfólk Háskóla Íslands á tímabilinu. Á hverju haustmisseri sér náms- og starfsráðgjafi hjá NSHÍ um að halda fræðslu fyrir nýja kennara Háskóla Íslands á vegum Kennslumiðstöðvar. Alls staðar þar sem starfsemi NSHÍ er kynnt er farið yfir þá þjónustu sem tengist sértækum úrræðum við fatlaða nemendur eða nemendur með sértæka námsörðugleika.

NSHÍ hefur einnig séð um framkvæmd á fræðsluverkefninu DARE II í samstarfi við Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að auka meðvitund akademískra kennara og starfsfólks Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks og nemenda með sértæka námsörðugleika. Afurð þessa samstarfsverkefnis er handbók fyrir kennara og annað starfsfólk Háskóla Íslands sem hefur meðal annars að geyma sérstaka kafla um sjónskerðingu, heyrnarskerðingu, hreyfihömlun, sálræn vandkvæði, dyslexíu og almennar upplýsingar um efni sem tengjast fötlun<sup>18</sup>. Hver kafli er helgaður ákveðinni skerðingu með áherslu á staðalmyndir og hugtakanotkun í orðræðu um fatlað fólk, samskipta- og kennsluáðferðir, tengsl fatlaðs fólks við samfélagið og hvernig megi nýta tölvu- og stuðningstækni í námi og starfi. NSHÍ hélt einnig DARE námskeið, en bæði handbókin og námskeiðin eru til þess hugsuð að auka færni kennara til að aðlaga kennslu og kennsluumhverfi að þörfum ólíkra einstaklinga.

Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands fór í fræðsluheimsókn til þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, þann 27. apríl 2011, og kynnti sér starfsemi miðstöðvarinnar og hvaða þjónustu miðstöðin veitir nemendum Háskóla Íslands auk þess sem aðgengismál voru rædd. Í heimsókninni komu fulltrúar miðstöðvarinnar fram með ábendingar um hvernig mætti koma betur til móts við þarfir blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga sem stunda nám við Háskóla Íslands. Meðal tillagna var að NSHÍ hafi milligöngu um að fá kennsluáætlun og leslista frá kennurum með meiri fyrirvara og koma áleiðis til miðstöðvarinnar svo hægt sé að undirbúa námsefni í tæka tíð. Einnig var rætt um nauðsyn þess að innri vefur Háskóla Íslands, Uglan, verði gerð aðgengileg fyrir blint og sjónskert fólk.<sup>19</sup>

Ráð um málefni fatlaðs fólks hefur einnig tekið þátt í árlegum viðburðum innan Háskóla Íslands á tímabilinu. Á Háskóladeginum hefur Ráð um málefni fatlaðs fólks verið með kynningu

<sup>18</sup> Háskóli Íslands. *Skref til skilnings: Handbók fyrir þátttakendur: Aðgengi fatlaðra stúdenta og stúdenta með sértæka námsörðugleika að háskólanámi: Ný áskorun fyrir starfsfólk*. Framleitt af DARE verkefninu 2013 (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2013).

<sup>19</sup> Fundargerð 43. fundar Ráðs um málefni fatlaðs fólks, 16. maí 2011.



sem unnin er í samstarfi við fjölmarga aðila sem tengjast jafnréttismálum, svo sem hagsmunafélög nemenda, jafnréttisnefnd HÍ og jafnréttisfulltrúa. Ráð um málefni fatlaðs fólks tekur einnig þátt í Jafnréttisdögum HÍ á hverju ári, með fræðslu, kynningu eða annars konar erindi. Viðfangsefni Jafnréttisdaga er jafnrétti í viðum skilningi og að dögnum koma flestir þeir aðilar sem starfa að jafnréttismálum innan HÍ. Á Jafnréttisdögum árið 2013 voru flutt tvö erindi um málefni fatlaðs fólks. Kristín Björnsdóttir, lektor við menntavísindasvið, flutti fyrirlestur um þróun og reynslu á diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands og dr. James Rice, mannfræðingur og nýdoktor við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum flutti fyrirlesturinn *Samvinnuð mismunun og félagsleg útskúfun* sem fjallaði um mikilvægi þess að nota sjónarhorn samtunnunar (intersectionality) til þess að skilja hvernig samspil ólíkra þátta eins og stéttarstöðu, kyns, fötlunar og þjóðernis getur valdið margþættri mismunun sem leiðir af sér misrétti og útskúfun.<sup>20</sup>

Þann 12. og 13. maí 2011 heimsótti Anabel Gonzáles Pénin, lögfræðingur og jafnréttisfulltrúi Háskólans í Vigo, Spáni (Universidad de Vigo), Háskóla Íslands. Heimsóknin var á vegum jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands og var tilgangur hennar að kynna jafnréttisstefnu Háskóla Íslands, þar á meðal jafnréttismál kynjanna og jafnréttismál fatlaðra nemenda.

## Ráðstefnur, málþing og erindi um málefni fatlaðs fólks

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Rannsóknarstofa í þroskaþjálfarafræðum hafa komið að mörgum ráðstefnum, málþingum og málstofum á því tímabili sem skýrslan tekur til og verið með erindi er lúta að málefnum fatlaðs fólks.

### **Ráðstefnuhald**

Þann 1. mars 2013 var haldin sameiginleg ráðstefna Landssamtakanna Þroskahjálpar, þroskaþjálfafélags Íslands, Rannsóknarstofu í þroskaþjálfarafræðum, Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um gæði þess starfs sem unnið er í búsetuþjónustu við fatlað fólk. Á ráðstefnunni var fjallað um hvaða gæði það eru sem halda þarf í heiðri á heimilum fatlaðs fólks, einkum þeim heimilum þar sem veitt er mikil þjónusta.<sup>21</sup>

Þann 16. nóvember 2012 hélt Félag um fötlunarrannsóknir ráðstefnu sem bar heitið Mannréttindi í framkvæmd. Á ráðstefnunni tóku meðal annars til máls Eilíoníur Flynn og Anna

<sup>20</sup> Háskóli Íslands, „Jafnréttisdagar,“ [http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettisdagar\\_0](http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettisdagar_0) (sótt 1. maí 2014).

<sup>21</sup> Félagsráðgjafafélag Íslands, „Ráðstefnur, málþing og námskeið,“ <http://felagsradgjof.len.is/index.php?option=content&task=view&id=29&Itemid=52> (sótt 1. maí 2014)



Arstein-Kerslake. Fyrirlestur Eillionóir bar heitið *From Rhetoric to Action: The use of National Disability Strategies in Implementing the UN Convention* og fjallaði um framkvæmdaráætlanir sem höfðu tekist vel í hinum ýmsu löndum. Erindi Önnu var um 12. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna fyrir fatlað fólk sem snýr að gerhæfi.<sup>22</sup>

Opin ráðstefna var haldin í Hörpu, þann 26. október 2011, á vegum velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands. Fjallað var um stöðuúttekt á þjónustu við fatlað fólk við tilfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga, 1. janúar 2011. Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum og forstöðumaður rannsóknasetursins og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, fjölluðu um niðurstöður rannsóknar um flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.<sup>23</sup>

Í maí 2011 var haldin NNDR ráðstefna (Nordisk Network on Disability Research) á vegum Félags um fötlunarrannsóknir og Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár og skiptast Norðurlöndin á um að halda ráðstefnuna. Aðalfyrirlesrarar voru dr. Anna Lawson frá Háskólanum í Leeds Bretlandi, Ron McCallum, prófessor Emeritus við Háskólann í Sydney, Steven J. Taylor professor við Syracuse háskóla í New York, Adolf Ratzka aðstoðarforstöðumaður stofnunar um sjálfstæða búsetu í Stokkhólmi (Institute on Independent Living) og Freyja Haraldsdóttir, NPA á Íslandi. Þátttakendur ráðstefnunnar voru yfir 300 manns frá hinum ýmsu löndum.<sup>24</sup>

### **Erindi og málþing**

Veturinn 2013 – 2014 voru haldin fjögur málþing á Grand hóteli sem Öryrkjabandalag Íslands stóð fyrir í samvinnu við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Félag um fötlunarrannsóknir. Málþingin fjölluðu um mannréttindi í daglegu lífi fatlaðs fólks og voru fyrirlesarar fjölbreyttur hópur fatlaðs fólks, fræðafólks og sérfræðinga. Bandaríska fræðikonan Rosemary Garland-Thomson var aðalfyrirlesari á fjórða og síðasta málþinginu en fyrirlestur hennar bar heitið *Disability and gender in visual culture*. Þá var Rannsóknasetur í fötlunarfræðum með tvö erindi á málþingi sem haldið var 3. október 2013, á Grand hóteli Reykjavík og bar yfirskriftina *Kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki*.

<sup>22</sup> Félag um fötlunarrannsóknir, <http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir/> (sótt 1. maí 2014).

<sup>23</sup> Velferðarráðuneyti, „Aðstæður fatlaðs fólks: Aðbúnaður, þjónusta, viðhorf, líðan, sjálfræði,“ [http://www.velferðarraduneyti.is/media/RadstefnurFEL/Radstefna\\_Adstaedur\\_fatlads\\_folks261011.pdf](http://www.velferðarraduneyti.is/media/RadstefnurFEL/Radstefna_Adstaedur_fatlads_folks261011.pdf) (sótt 1. maí 2014).

<sup>24</sup> Félag um fötlunarrannsóknir, „NNDR ráðstefnan 2011,“ [http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir/nnnr\\_radstefnan\\_2011\\_0](http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir/nnnr_radstefnan_2011_0) (sótt 1. maí 2014).

Þann 15. október 2012 bauð velferðarráðuneytið til málþings um skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðabankans um fötlun (World Report on Disability) í samstarfi við forsætisráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Embætti landlæknis, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Á málþinginu kynnti Tom Shakespeare, sérfræðingur hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, efni fyrstu alþjóðaskýrslunnar um fötlun og aðstæður fatlaðs fólks. Í skýrslunni er fjallað um helstu málefni sem snerta fatlað fólk svo sem heilbrigði, menntun, atvinnu, stuðning og þjónustu, aðgengi og hindranir í umhverfinu. Þar eru einnig tillögur um frampróun í málefnum fatlaðs fólks en megingiltangur skýrslunnar er að veita alþjóðlegar leiðbeiningar um innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Tom Shakespeare er heimsþekktur sem og mikilsvirtur fræðimaður á sviði fötlunarfræða og baráttumaður fyrir mannréttindum fatlaðs fólks. Hann hefur verið í samstarfi við íslenska fræðimenn á sviði fötlunarfræða um árabíl og hefur komið til Íslands nokkrum sinnum og haldið fyrirlestra. Hann var hér á landi til að veita viðtöku heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands. Tom er einn af höfundum og ritstjórum alþjóðaskýrslunnar um fötlun (World Report on Disability) sem kom út í júní 2011.

Málþingið *Mannréttindasáttmáli SP fyrir fatlað fólk – Innleiðing og eftirlit*, var haldið þann 11. október 2012 á vegum Öryrkjabandalags Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið, velferðarráðuneytið, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands. Aðalfyrirlesarar málþingsins voru Stig Langvad, formaður Danske Handicaporganisationer, DH og fulltrúi í nefnd SP um innleiðingu mannréttindasáttmálans, og Javier Güemes, aðstoðarframkvæmdastjóri European Disability Forum, EDF.

Málþingið *Daglegt líf, afkoma og aðstæður öryrkja* var haldið þann 25. febrúar 2011 á Grand hótél Reykjavík í boði Öryrkjabandalags Íslands, velferðarráðuneytisins, Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hélt opinn fyrirlestur, 8. nóvember 2011, sem bar heitið *Hið góða líf fyrir fólk með þroskahömlun?* Fyrirlesarinn var dr. Kelley Johnson, prófessor í fötlunarfræðum og félagslegri stefnumótun við University of Bristol og forstöðumaður Norah fry Research Center við sama skóla. Hún hefur unnið rannsóknir með fötluðu fólki í meira en fimmtán ár og talað fyrir umbótum í málefnum fatlaðs fólks í Ástralíu og öðrum löndum. Í fyrirlestrinum var rýnt í hvað litið sé á sem „hið góða líf“ í vestrænum samfélögum og afleiðingar þess fyrir fólk með þroskahömlun.

Námsbrautir í fötlunarfræði og þjóðfræði buðu til málþings í Þjóðminjasafninu þann 15. október 2011, í tilefni af aldarafmælis Háskóla Íslands. Á málþinginu var fjallað um þjóðtrú og

fötlun, og um líf og verk Guðmundar Bergþórssonar, mikils fatlaðs manns sem var jafnframt eitt mikilsvirtasta rímnaskáld allra tíma og þjóðfélagspersóna.

Málþing á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum og Ráðs um málefni fatlaðs fólks var haldið 14. október 2011, í tilefni Jafnréttisdaga Háskóla Íslands. Málþingið bar yfirskriftina *Jafnrétti, fötlun og háskólanám*. Aðalfyrirlesari málþingsins var norska fræðikonan Eva Magnus og sagði hún frá niðurstöðum doktorsrannsóknar sinnar um daglegt líf og reynslu fatlaðra háskólanema í Noregi. Tveir fatlaðir nemendur við Háskóla Íslands sögðu jafnframt frá reynslu sinni af að stunda nám við háskólann og lokaði málþinginu fulltrúi Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands með því að greina frá fræðsluverkefni DARE II.

Auk þeirra málþinga sem getið er hér að framan ber að nefna að á hverju ári hafa verið haldnar málstofur á ráðstefnunni Þjóðarspeglinum undir yfirskrift fötlunarfræða. Ráðstefnan er haldin í október ár hvert við Háskóla Íslands og er ætlað að kynna og miðla því sem er efst á baugi í rannsóknum á sviði félagsvísinda á Íslandi. Finna má margar fræðigreinarnar inni á Skemmunni (skemman.is) undir heitinu Rannsóknir í félagsvísindum og er greinunum raðað eftir ártölum. Sömuleiðis hafa verið haldin erindi um málefni fatlaðs fólks á Menntakvikunum sem er árleg ráðstefna Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

## ÚTGEFIÐ EFNI

### Bækur

Á árinu 2013 komu út tvær bækur á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum. Bókin *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi* er brautryðjendaverk hér á landi þar sem þetta er fyrsta bókin sem skoðar fötlun í íslenskri menningu. Í bókinni fjallar fræðafólk af mörgum og ólíkum sviðum Háskóla Íslands um margslungið samband menningar og fötlunar með það að markmiði að varpa ljósi á flóknar birtingarmyndir fötlunar í íslenskri menningu – allt frá elstu goðsögnum þjóðarinnar og sagnaritum miðalda til bókmennta, myndlistar og menningariðju á okkar dögum. Ritstjórar bókarinnar eru þau Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði, Ármann Kr. Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda og Kristín Björnsdóttir, lektor í fötlunarfræði. Bókin var gefin út af Félagsvísindastofnun HÍ og Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum.

Bókin *Önnur skynjun - ólík veröld* var gefin út af Háskólaútgáfu og Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum. Í bókinni leitar Jarprúður Þórhallsdóttir, fötlunarfræðingur og sjúkráþjálfari, skýringa á erfiðleikum fólks á einhverfurófi með því að tala við fólk sjálft um baráttu þess fyrir því að vera tekin gild í samfélaginu og ná sátt við sjálfa sig og aðra.

## Skýrslur

### Skýrslur Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur á tímabilinu, sem þessi skýrsla nær til, unnið eftirfarandi skýrslur:

- *Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja.* Skýrslan birtir niðurstöður rannsóknar sem unnin var í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun 2010. Skýrslan var unnin í samstarfi Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, velferðarráðuneytis og Öryrkjabandalags Íslands og er aðgengileg á heimasíðu Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.<sup>25</sup>
- *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 - Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning.* Skýrslan er unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og er aðgengileg á vef velferðarráðuneytisins.<sup>26</sup>
- *Er hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi betur borgið með eða án aðildar að Evrópusambandinu?* Skýrsla unnin að beiðni Öryrkjabandalags Íslands og kom út í október 2012. Skýrslan er aðgengileg á vef Öryrkjabandalags Íslands<sup>27</sup> og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.<sup>28</sup>
- *Ofbeldi gegn fötluðum konum.* Skýrslan var unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að beiðni velferðarráðuneytisins og birtist í mars 2013. Skýrslan er aðgengileg á vef velferðarráðuneytisins.<sup>29</sup>

### Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála

Í september árið 2012 kom út skýrslan *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008-2011* sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Jafnréttisnefnd HÍ. Þar var m.a. fjallað um þá miklu fjölgun sem orðið hefur á nemendum sem njóta sértækra úrræða við HÍ undanfarin ár og um frumniðurstöður rannsóknar Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur, dósents, á aðstæðum fatlaðra nemenda við HÍ. Þá var í skýrslunni fjallað um þörf á fræðslu fyrir starfsfólk um málefni

<sup>25</sup> Rannveig Traustadóttir o.fl., *Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja: Rannsókn unnin í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun* [http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Fataekt\\_og\\_felagslegar\\_adstaedur\\_drog.pdf](http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Fataekt_og_felagslegar_adstaedur_drog.pdf) (sótt 1. maí 2014)

<sup>26</sup> Auður Magndís Leiknisdóttir o.f.l., *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011), [http://www.velferðarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/27102011\\_Malefni\\_fatlads\\_folks\\_skyrsla.pdf](http://www.velferðarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/27102011_Malefni_fatlads_folks_skyrsla.pdf) (sótt 1. maí 2014)

<sup>27</sup> Rannveig Traustadóttir, James G. Rice og Þorvaldur Kristinsson, *Er hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi betur borgið með eða án aðildar að Evrópusambandinu?* (Reykjavík: Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, 2012) <http://www.obi.is/media/utgafa/skyrslurini/Fatlad-folk-a-Islandi-og-ESB.pdf> (sótt 1. maí 2014)

<sup>28</sup> Rannveig Traustadóttir, James G. Rice og Þorvaldur Kristinsson, *Er hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi betur borgið með eða án aðildar að Evrópusambandinu?* (Reykjavík: Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, 2012) <http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Kristjana/Fatla%C3%B0%20f%C3%B3lk%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi%20og%20ESB.pdf> (sótt 1. maí 2014)

<sup>29</sup> Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, *Ofbeldi gegn fötluðum konum* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013) [http://www.velferðarraduneyti.is/media/Rit\\_2013/ofb\\_fatladar-konur-skyrsla\\_mai2013.pdf](http://www.velferðarraduneyti.is/media/Rit_2013/ofb_fatladar-konur-skyrsla_mai2013.pdf) (sótt 1. maí 2014)

fatlaðs fólk og um DARE II fræðsluverkefnið. Í viðtölum við fólk sem starfar að jafnréttismálum við Háskóla Íslands kom fram að DARE II verkefnið hefði gengið ágætlega nema hvað það gengi illa að fá starfsfólk til að mæta á fyrirlestrana. Einnig kom fram að stjórnendur Háskóla Íslands legðu mikla áherslu á að bæta aðgengismál nemenda með skerðingar en að það kostaði miklar fjárhæðir sem stjórnvöld hefðu ekki stutt nægilega við. Loks kom fram að um helmingur forsvarsmanna nemendafélaga sögðust í könnun skipuleggja viðburði með þarfir nemenda með skerðingar í huga en að slíkt þyrfti að vera reglan hvort sem forsvarsmenn vissu af slíkum nemendum innan deildarinnar eða ekki.<sup>30</sup>

## ALÞJÓÐLEG RANNSÓKNARVERKEFNI

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur á tímabilinu, sem þessi skýrsla nær til, tekið þátt í mörgum Norrænum verkefnum og Evrópuverkefnum, svo sem öndvegissetrinu REASSESS (Reassessing the Nordic Welfare Model), en markmið þess er að kanna hvort Norræna velferðarkerfið sé í stakk búið til að mæta breyttum kröfum og ytri aðstæðum. Þá ber að geta Evrópuverkefnisins ANED (The Academic Network of European Disability experts), sem var stofnað af Evrópusambandinu í desember 2007 og hófst árið 2008. Markmið ANED er safna upplýsingum sem lagðar eru til grundvallar stefnumótun sambandsins í málefnum fatlaðs fólks. ANED tengist rannsóknasetrum í fötlunarfræði í hverju landi fyrir sig. Þar er farið yfir ólík málefni og staða hvers lands sett fram í skýrslum sem aðgengilegar eru á netsvæði ANED. Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur tekið þátt í þessu verkefni og hafa Rannveig Traustadóttir og James G. Rice skilað skýrslum frá Íslandi um þau málefni sem unnið er að hverju sinni.

---

<sup>30</sup> Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008 - 2011* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, september 2012), 62-67.

## VEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

### Aðgengi að ytri vef Háskóla Íslands

Nýr ytri vefur Háskóla Íslands var tekinn í gagnið við sameiningu HÍ og KHÍ þann 1. júlí 2008. Fyrirtækið Sjá – Viðmótsprófanir ehf. gerði úttekt á vefnum í ágúst 2009 og fékk hann í heildina 79 stig af 100 mögulegum en einungis 40 stig af 100 mögulegum fyrir aðgengi að vefnum.<sup>31</sup>

Hvað aðgengið varðaði þá voru gerðar athugasemdir við að alt-textar fylgdu ekki myndum, að tungumálabreytingum væru ekki gerð nægileg skil, dálka- og raðareitir á vefnum væru ekki fyllilega merktir, PDF-skjöl væru ekki læsileg í skjálesara, textaútgáfur fylgdu ekki myndböndum á vefnum og að virkni hans væri ekki í lagi þegar slökkt væri á forskriftum.

Í skýrslu um málefni fatlaðs fólks tímabilið 2007 - 2009 kom fram að Díana Dögg Víglundsdóttir, vefstjóri Háskóla Íslands, ráðgerði að ljúka við alt-texta í mars árið 2010 og að framvegis yrði reynt að bæta úr öðrum þáttum. Hins vegar fylgdu samantektir myndböndum á vefnum og of mikil vinna færi í að rita upp handrit við þau öll, auk þess sem mikil vinna færi í að merkja töflur handvirkt en verið var að skoða hvort hægt væri að gera það með forritun. Loks taldi vefstjórn háskólans að virkni án forskrifta væri í lagi á vefnum og hafði sent úttektaraðilanum fyrirspurn vegna þessa.<sup>32</sup> Árið 2011 gerði fyrirtækið Deloitte úttekt á opinberum vefjum fyrir Stjórnarráðið, þar sem m.a. var notast við nýtt ferli við mat á aðgengi þeirra, þar sem fram hafði komið talsverð gagnrýni á aðferðafræðina við að meta þann þátt í fyrri skýrslum. Í þeirri úttekt voru sjálfvirkar athuganir (e. checkers) notaðar til að skrá fjölda villna á síðum, auk handvirkra athugana.<sup>33</sup> Það árið fékk vefur Háskóla Íslands 94 stig af 100 mögulegum í heild en einungis 28 stig fyrir aðgengispáttinn.<sup>34</sup>

Sjá – Viðmótsprófanir ehf. gerði aðra slíka úttekt árið 2013, þar sem mat á aðgengispáttum byggði aftur að hluta til á sjálfvirkum prófunum og að hluta til á handvirkum. Í þeirri úttekt var heildareinkunn Háskólavefsins meðal þeirra hæstu í úttektinni, með 92 stig af 100 mögulegum, en í aðgengispættinum fengust 76 stig.<sup>35</sup>

Að sögn Díönu Daggar Víglundsdóttur, vefstjóra Háskóla Íslands, hlaut Háskólavefurinn - og ýmsir aðrir vefir - svo lága einkunn fyrir aðgengi í úttekt ársins 2011 fyrst og fremst vegna þess

<sup>31</sup> Innanríkisráðuneytið, „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2009?“, <http://www.ut.is/konnun2009/> (sótt 2. apríl 2014).

<sup>32</sup> Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds, *Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007-2009* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, apríl 2010), 10-12.

<sup>33</sup> Deloitte, *Hvað er spurnið í opinbera vefi 2011?* <http://www.ut.is/media/utvefur-skjol/hvad-er-spurnid-i-opinbera-vefi-2011-skyrsla.pdf> (sótt 2. apríl 2014).

<sup>34</sup> Innanríkisráðuneytið, „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2011?“, <http://www.ut.is/konnun2011/> (sótt 2. apríl 2014).

<sup>35</sup> Innanríkisráðuneytið, „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2013?“, <http://www.ut.is/konnun2013/> (sótt 2. apríl 2014).



að Deloitte notaðist við nýjar aðferðir við aðgengismat sem byggðu á sjálfvirkum athugunum sem ekki gáfu rétta mynd af stöðu mála. Hún nefnir sem dæmi að hafi einn hlekkur verið í ólagi sé hann talinn í ólagi á öllum þeim samtengdu síðum sem hann er að finna á, sem geti skipt hundruðum og því hafi fáeinar villur verið taldar mörg hundruð sinnum án þess að það hafi verið leiðrétt eftir á. Hún nefnir að hún hafi ásamt um 20 öðrum sérfræðingum farið á fund í innanríkisráðuneytinu þar sem þessi matsaðferð hafi verið gagnrýnd mjög og endurskoðuð í kjölfarið.

Hvað varðar úttekt ársins 2013 og þá ágalla sem raktir voru hér að ofan segir Díana að alt-textar og virkni vefja án forskrifta séu nú í lagi, þó sumum myndum fylgdu ekki alt-textar vegna þess að þær hefðu ekkert efnislegt vægi fyrir innihald þeirrar síðu sem þær væru á. Háskólinn hefði auk þess komist að þeirri niðurstöðu að of dýrt væri að rita upp handrit að öllum myndböndum á vefnum, þar sem það mundi kosta um 100.000-200.000 krónur fyrir hvert myndband og efnisleg samantekt fylgdi slíkum myndböndum nú þegar.

Einnig nefndi Díana að gerðar hefðu verið athugasemdir við að litur á tilteknu letri á sumum undirsíðum Háskólavefsins væri ekki nægilega aðgreinanlegur frá bakgrunninum til að sjónskertir gætu lesið það. Letrið sem um ræðir er að sögn Díönu fyrst og fremst ætlað fyrir þá sem vinna með vefinn, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um dagsetningu og númer síðu, það sé því ekki ætlað fyrir almenna notendur og annað letur sé í lagi að þessu leyti. Loks hafi verið gerð athugasemd við að „tabbar“ sem virkjast þegar smellt er á hlekk á undirsíður og gera lesvélum kleift að lesa þá betur hafi virkað að einu leyti en ekki öðru. Díana og félagar í vefstjórn skildu ekki til hvers var ætlast í síðara tilfallinu og ætluðu að spyrjast fyrir um það.<sup>36</sup>

Loks nefndi Díana að þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir hafi Háskólavefurinn komist í 5 vefja úrslit af um 200 sem tilnefndir voru til verðlauna Samtaka Vefiðnaðarins (SVEF) fyrir aðgengilegasta vefinn á Íslandi.<sup>37</sup>

## Aðgengi að innri vef Háskóla Íslands (Uglunni)

Í skýrslu um málefni fatlaðs fólks 2007 - 2009 kom fram að fyrirætlanir um gerð úttektar á aðgengi innra vefs Háskóla Íslands (Uglunni) væru á borði verkefnisstjórnar Uglunnar. Að sögn Ragnars Stefáns Ragnarssonar, deildarstjóra hugbúnaðarþróunar hjá Reiknisstofnun HÍ, dagaði

<sup>36</sup> Díana Dögg Víglundsdóttir, viðtal tekið af Viktori Orra Valgarðssyni, 26. febrúar 2014.

<sup>37</sup> Samtök vefiðnaðarins, „Íslensku vefverðlaunin 2013: Verkefni í úrslitum,“

[http://svef.is/frett/item4840/%C3%8Dslensku\\_vefver%C3%B0launin\\_2013:\\_Verkefni\\_%C3%AD\\_%C3%BArslitum/](http://svef.is/frett/item4840/%C3%8Dslensku_vefver%C3%B0launin_2013:_Verkefni_%C3%AD_%C3%BArslitum/) (sótt 1. maí 2014)

verkefnið uppi í hruninu og var spurningunni um hvaðan fjármagn fyrir úttektinni og úrbóta í kjölfar hennar ætti að koma var aldrei svarað.<sup>38</sup>

## Heimasíða ráðs um málefni fatlaðs fólks

Heimasíða ráðs um málefni fatlaðs fólks er vistuð undir síðunni um nefndir háskólaráðs - [http://www.hi.is/adalvefur/rad\\_um\\_malefni\\_fatlads\\_folks](http://www.hi.is/adalvefur/rad_um_malefni_fatlads_folks) - og er hún enn fremur tengd við vefgátt jafnréttismála í HÍ, sem er [www.jafnretti.hi.is](http://www.jafnretti.hi.is). Á heimasíðunni er að finna ýmsar upplýsingar um ráðið ásamt tenglum á lög, nefndir, félög og stofnanir sem tengjast málefnum fatlaðs fólks.

## Fræðsluvefur um geðheilbrigði og geðraskanir – [ged.hi.is](http://ged.hi.is)

Árið 2007 voru þrír nemendur í sálfræði, bókasafns- og upplýsingafræði og hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands fengnir til að vinna að samstarfsverkefni ásamt leiðbeinendum sínum, sem sneri að því að hanna fræðslusíðu um málefni tengd geðheilsurækt. Vefurinn er á slóðinni [www.ged.hi.is](http://www.ged.hi.is) og á honum segir eftirfarandi um verkefnið og vefsíðuna:

Markmið verkefnisins er að skapa jákvæða umræðu og vekja athygli fólks á hárrí tíðni álagspátta meðal háskólanema. Einnig að auka þekkingu fólks á einkennum helstu geðraskanana og veita upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði hér á landi. Var ætlunin sú að setja efnið fram á þann hátt að það væri almenns eðlis, skýrt og læsilegt og það myndi jafnframt vekja athygli á því álagi sem fylgir því að vera í námi. Þannig gætu nemendur áttað sig sem best á streituvöldum sem eðlilega tengjast akademísku samfélagi og áhættuþáttum sem tengjast þeim.<sup>39</sup>

## AÐGENGI AÐ BYGGINGUM

Framkvæmda- og rekstrarsvið Háskóla Íslands ber ábyrgð á umbótum í aðgengismálum á háskólasvæðinu, innan bygginga og utan, forgangsraðar verkefnum og leggur fram áform um úrbætur. Framkvæmda- og rekstrarsvið á auk þess að tryggja að aðgengi fatlaðs fólks sé haft í huga við hönnun nýbygginga.

Margar byggingar háskólans eru gamlar og ekki byggðar til að mæta nútíma kröfum um fullt aðgengi. Undanfarin ár hefur verið unnið jafnt og þétt að lagfæringum á aðgengi, innanhúss og utan í því skyni að gera háskólasvæðið sem aðgengilegast en ýmislegt er enn ógert þar sem þörf

<sup>39</sup> Háskóli Íslands, „Geðspeki: Um verkefnið,“ [http://ged.hi.is/um\\_verkefnid](http://ged.hi.is/um_verkefnid) (sótt 2. apríl 2014).



er á umfangsmiklum og kostnaðarsömum breytingum. Unnið er eftir nýjustu byggingarreglugerð og jafnframt stuðst við handbókina *Aðgengi fyrir alla* sem birtir niðurstöður aðgengisúttektar á Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Lögbergi, Odda, Árnagarði og VR II<sup>40</sup>

Þær úrbætur sem hafa verið gerðar á undanförunum árum snúa að bættu aðgengi hreyfihamlaðs fólks. Enn sem komið er hefur ekki verið unnið að bættu aðgengi fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga en markmiðið er að bæta úr því. Í viðtali við Ingólf B. Aðalbjörnsson byggingarstjóra HÍ kom fram að fundað hafi verið með sjónskertum og blindum nemendum tvisvar sinnum og úttektarskýrslur gerðar á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum háskólans. Þá hafi verið fundað með Þjónustu- og þekkingamiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og arkitekt Háskólatorgs þar sem aðgengismál voru rædd og hvað hægt væri að gera til úrbóta. Markmiðið er að festa svokallaðar bólur í gólfín á Háskólatorgi sem mynda eiga leiðarlínur á svæðinu.

Á tímabilinu sem þessi skýrsla nær til hefur verið unnið að því að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk að Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Sett hefur verið upp ný lyfta sem uppfyllir allar kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Í fyrsta skipti frá upphafi geta hreyfihamlaðir einstaklingar komist um bygginguna án vandkvæða. Rampur (sem að vísu uppfyllir skilyrði reglugerðar varðandi halla, en er of brattur fyrir hjólastóla) var settur utandyra. Á tímabilinu var einnig unnið að bættu aðgengi að byggingunni VR I. Sett var upp lyfta sem uppfyllir kröfur byggingarreglugerða um aðgengi fyrir fatlað fólk. Sömuleiðis var unnið að því að bæta aðgengi að VR II með nýjum inngangi að byggingunni. Enn er þó töluvert verk eftir við að gera þá byggingu aðgengilega fyrir hreyfihamlað fólk þar sem lyftan í byggingunni uppfyllir ekki kröfur um aðgengi sem kveðið er á um í byggingarreglugerð.

Hvað aðrar byggingar Háskóla Íslands varðar, er aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk að Læknagarði, Öskju, Stapa, Lögbergi, Odda, Árnagarði, Háskólatorgi, Gimli, Haga og Stakkahlíð gott, að sögn byggingafulltrúa. Á hinn bóginn eru nokkrar byggingar háskólans enn óaðgengilegar fyrir fatlað fólk. Fyrir nokkrum árum var unnið að því að bæta aðgengi utandyra við Eirberg en þar þarf að fara í miklar framkvæmdir við að bæta aðgengi innandyra þar sem húsið er á mörgum pöllum og nær allar hurðir eru mjóar í steiptum veggjum. Sömuleiðis er takmarkað aðgengi að íþróttahúsi háskólans en búið er að mæla fyrir nýrri lyftu við tengibyggingu stigahúss og aðalhúss. Þar þarf að byggja nýja viðbyggingu sem myndi hýsa nýja lyftu. Þá er þörf á að bæta aðgengi að nokkrum byggingum vestan Suðurgötu. Vinna þarf að því að bæta aðgengi að

<sup>40</sup> Guðmundur Magnússon, Aðgengi fatlaðra að byggingum Háskóla Íslands (SHÍ, 2004).

VR III en að sögn byggingafrúna er það erfitt vegna innri uppbyggingar, en mikið af þöllum eru á milli hæða. Þá vantar rafmagnsopnun á útihurð í Tæknigarði að austanverðu og lyftu vantar í Neshaga 16. Sömuleiðis er Raunvísindastofnun óaðgengileg hreyfihömluðu fólki en nær ekkert hefur verið gert til að bæta aðgengi að þeirri byggingu. Loks er aðgengi að byggingum á Laugavatni ekki gott. Þar eru gamlar byggingar með gólfleti á mörgum þöllum.

## VERKEFNI FRAMUNDAN

Að sögn Svandísar Önnu Sigurðardóttur, Jafnréttisfrúna HÍ og formanns Ráðs um málefni fatlaðs fólks, var ráðið nokkuð óvirkt seinni hluta árs 2013, eða frá þeim tíma sem fyrri formaður lét af störfum og þar til hún tók við sem nýr jafnréttisfrúni um haustið, en skipunartími ráðsins rann út um mitt árið.<sup>41</sup>

Á vordögum 2013 samþykkti ráðið starfsáætlun fyrir tímabilið 2012 - 2013<sup>42</sup> sem tekið verður mið af í störfum nýskipaðs Ráðs um málefni fatlaðs fólks.<sup>43</sup> Í þeirri starfsáætlun kemur m.a. fram að árleg verkefni ráðsins verði þátttaka í Jafnréttisdögum og Háskóladegi HÍ sem og reglulegir fundir með tengiliðum ráðsins. Þá verður reglulegt samstarf haft við aðila innan sem utan HÍ (ÖBÍ, Sjálfsbjörg, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda o.fl.).<sup>44</sup> Auk þessa er gert ráð fyrir því að ráðið muni standa fyrir fræðsluverkefninu DARE II, sem eru námskeið um fötlun og háskólanám. Þá kemur fram í starfsáætlun ráðsins að stefnt skuli að endurútgáfu bæklingisins *Aðgengi fyrir alla*, sem kom út árið 2005. Starfsáætlunin tekur einnig til aðgengismála, en ráðið stefnir að því að formfesta samstarf sitt við framkvæmda- og tæknisvið HÍ, þannig að ráðið hafi aðkomu að hönnun nýbygginga á vegum Háskóla Íslands. Þá verði boðað til samráðsfundar með starfsfólki háskólans um aðgengismál við skólann. Loks er ætlunin að endurskoða Jafnréttisáætlun HÍ þegar Ísland hefur fullgilt Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og vinna að aðgengisúttekt á innri vef Háskólans (Uglunni).<sup>45</sup> Að sögn Svandísar Önnu verða komandi verkefni ráðsins mótuð í samræmi við þessa starfsáætlun og Jafnréttisáætlun HÍ, áhersla verður lögð á að efla DARE II verkefnið og m.a. skoðað að veita ráðgjöf um gerð efnis um samþættingu jafnréttissjónarmiða við HÍ.<sup>46</sup>

<sup>41</sup> Svandís Anna Sigurðardóttir, jafnréttisfrúni HÍ, tölvuskeyti, 17. mars 2014.

<sup>42</sup> Drög að starfsáætlun Ráðs um málefni fatlaðs fólks 2012-2013.

<sup>43</sup> Svandís Anna Sigurðardóttir, jafnréttisfrúni HÍ, tölvuskeyti, 17. mars 2014.

<sup>44</sup> Drög að starfsáætlun Ráðs um málefni fatlaðs fólks 2012-2013.

<sup>45</sup> Drög að starfsáætlun Ráðs um málefni fatlaðs fólks 2012-2013.

<sup>46</sup> Svandís Anna Sigurðardóttir, jafnréttisfrúni HÍ, tölvuskeyti, 17. mars 2014.

## TIL ÍHUGUNAR

- Á undanförunum árum hefur nemendum sem njóta úrræða NSHÍ fjölgað gríðarlega. Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að huga að þjónustu Háskóla Íslands við fatlaða nemendur. NSHÍ hefur á undanförunum árum kappkostað að ná betur til fatlaðra nemenda og auglýsa starfsemi sína og í viðtölum við fatlaða nemendur kom fram að nemendur væru flestir ánægðir með þjónustu NSHÍ. Í viðtölunum kom þó einnig fram að huga þurfi betur að innleiðingu kennsluhátta sem gagnast fleirum en fötluðum nemendum. Í því sambandi má nefna nauðsyn þess að bókalistar liggi fyrir tímanlega, að glærur séu á rafrænu formi, að allur tækjabúnaður virki sem skyldi og að leyfi sé gefið fyrir því að fyrirlestar séu teknir upp.
- Starfsfólki háskólans ber að tryggja að kennsluhættir séu með þeim hætti að nemendur njóti í raun jafnræðis til náms. Það ber því að haga kennsluháttum þannig að nemendur þurfi ekki sjálfir að biðja um að það sé tekið tillit til þarfa þeirra.
- Sjónrænar upplýsingar þarf að auka og bæta, en dæmi eru um að fatlaðir nemendur geti ekki nýtt sér upplýsingatöflur sem finna má um háskólasvæðið þar sem þær eru óaðgengilegar, á þetta sérstaklega við um blinda og sjónskerta nemendur. Þá má líka nefna að þessir sömu nemendur geta ekki fylgst með matseðlinum í Hámu, þar sem hann er skrifaður á töflu. Slíkt ber að laga.
- Fatlaðir nemendur eru ánægðir með bílastæði við byggingar Háskóla Íslands en kvarta yfir því að þau séu of fá sem leiðir til þess að það fá ekki allir bílastæði sem þess þurfa.
- Fram kemur í skýrslunni að úrbætur á aðgengi hafi aðeins verið framkvæmdar sem henta hreyfihömluðu fólki. Nauðsynlegt er að ráðist verði í enn frekari úrbætur í aðgengismálum svo allir fatlaðir nemendur geti stundað nám sitt án hindrana. Í viðtölum við blinda og sjónskerta nemendur kom í ljós að skortur á leiðarlínum í gólfum gerði þeim erfitt um vik að komast leiðar sinnar á Háskólatorgi.
- Margar byggingar Háskóla Íslands eru gamlar og ekki byggðar til að mæta kröfum um aðgengi fatlaðs fólks. Til að uppfylla ýtrustu kröfur um aðgangi kallar það á umfangsmiklar breytingar og mikinn kostnað samfara því. Þetta kallar á aukinn stuðning stjórnvalda.
- Í skýrslu um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007 – 2009 var vakin athygli á því að engin skýrsla væri til um málefni fatlaðs starfsfólks. Enn hefur ekki verið safnað upplýsingum um þennan hóp. Ekki er vitað um fjölda fatlaðs starfsfólks við skólann né um

hvort fatlað starfsfólk telji þörf á að breyta aðstæðum og starfsháttum við skólann til þess að það geti sinnt starfi sínu sem best.

- Ljóst er að starfsfólk og kennarar Háskólan Íslands eru allir af vilja gerðir en virðist vanta frekari fræðslu um málefni fatlaðs fólks. Starfsfólk er störfum hlaðið og telja má víst að það gefi sér ekki allir tíma til að sækja valkvæða fræðslu. Af þeim sökum er mikilvægt að koma fræðslu, líkt og DARE II verkefninu, betur inn í verklag skólans og virkja, eða jafnvel skylda starfsfólk og kennara til þátttöku.
- Í skýrslu um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007 – 2009 var bent á nauðsyn þess að gera úttekt á aðgengi að Uglunni, sem er innri vefur Háskóla Íslands. Enn hefur ekki verið gerð aðgengisúttekt á Uglunni. Mikilvægt er að þrýst verði á það verði gert, enda er ljóst að úttekt á ytri vef Háskóla Íslands hefur verið fötluðum nemendum til hagsbóta.

## HEIMILDASKRÁ

Auður Magnús Auðardóttir, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Hrefna Guðmundsdóttir. *Staða og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2008 - 2011*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, september 2012.

Auður Magnús Leiknisdóttir o.f.l. *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011.

[http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/27102011\\_Malefni\\_fatlads\\_folks\\_skyrsla.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/27102011_Malefni_fatlads_folks_skyrsla.pdf) (sótt 1. maí 2014)

Auður Magnús Leiknisdóttir og Ásdís Aðalbjörg Arnalds. *Málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands 2007 - 2009*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, apríl 2010.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir. *Ofbeldi gegn fötluðum konum*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013.

[http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit\\_2013/ofb\\_fatladar-konur-skyrsla\\_mai2013.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/ofb_fatladar-konur-skyrsla_mai2013.pdf) (sótt 1. maí 2014)

Deloitte. „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2011?“ <http://www.ut.is/media/utvefur-skjol/hvad-er-spunnid-i-opinbera-vefi-2011-skyrsla.pdf> (sótt 2. apríl 2014).

Drög að starfsáætlun Ráðs um málefni fatlaðs fólks 2012 - 2013.

Félag um fötlunarrannsóknir. <http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir> (sótt 1. maí 2014)

Félag um fötlunarrannsóknir. „NNDR ráðstefnan 2011.“

[http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir/nndr\\_radstefnan\\_2011\\_0](http://vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir/nndr_radstefnan_2011_0) (sótt 1. maí 2014).

Félagsráðgjafafélga Íslands. „Ráðstefnur, málþing og námskeið.“

<http://felagsradgjof.len.is/index.php?option=content&task=view&id=29&Itemid=52> (sótt 1. maí 2014)

Guðmundur Magnússon. *Aðgengi fatlaðra að byggingum Háskóla Íslands*. SHÍ, 2004.

Guðrún Linda Björgvinsdóttir. *Sérúrræði í námi við Háskóla Íslands*. Háskóli Íslands, apríl 2010.

Háskóli Íslands. „Dagskrá Jafnréttisdaga 2010 / Equality Days 2010 Programme.“

[http://www.hi.is/vidburdir/dagskra\\_jafnrettisdaga\\_2010\\_equality\\_days\\_2010\\_programme](http://www.hi.is/vidburdir/dagskra_jafnrettisdaga_2010_equality_days_2010_programme) (sótt 18. mars 2014).

Háskóli Íslands. „Geðspeki: Um verkefnið.“ [http://ged.hi.is/um\\_verkefnid](http://ged.hi.is/um_verkefnid) (sótt 2. apríl 2014).

Háskóli Íslands. „Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013 - 2017.“

<http://www.hi.is/sites/default/files/JAFNR%C3%89TTISA%C3%86TLUN%202013-2017%20me%20hyperlinks.pdf> (sótt 1. maí 2014).

Háskóli Íslands. „Ráð um málefni fatlaðs fólks.“

[http://www.hi.is/adalvefur/rad\\_um\\_malefni\\_fatlads\\_folks](http://www.hi.is/adalvefur/rad_um_malefni_fatlads_folks) (sótt 2. apríl 2014)

Háskóli Íslands. „Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum stofnuð.“

[http://www.hi.is/frettir/rannsoknarstofa\\_i\\_throskathjalfraedum\\_stofnud](http://www.hi.is/frettir/rannsoknarstofa_i_throskathjalfraedum_stofnud) (sótt 1. maí 2014)

Háskóli Íslands. „Sálfræðideild: Sálfræðiráðgjöf háskólanema.“

[http://www.hi.is/salfraedideild/salfraediradgjof\\_haskolanema](http://www.hi.is/salfraedideild/salfraediradgjof_haskolanema) (sótt 2. apríl 2014).

Háskóli Íslands. *Skref til skilnings: Handbók fyrir þátttakendur: Aðgengi fatlaðra stúdenta að háskólanámi: Ný áskorun fyrir starfsfólk*. Háskóli Íslands, 2013.

Háskóli Íslands. „Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun.“

[http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_haskola\\_islands\\_gegn\\_mismunun](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_haskola_islands_gegn_mismunun) (sótt 1. maí 2014).

Háskóli Íslands. „Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra.“

[http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_i\\_malefnum\\_fatladra](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_i_malefnum_fatladra) (sótt 1. maí 2014).

Háskóli Íslands. „Sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands.“

[http://www.hi.is/adalvefur/reglur\\_nr\\_481\\_2010](http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_481_2010) (sótt 1. maí 2014).

Háskóli Íslands. „Verklagsreglur um úrræði fyrir fólk með geðraskanir.“

[http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur\\_um\\_urraedi\\_hja\\_haskola\\_islands\\_fyrir\\_folk\\_med\\_gedraskanir](http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur_um_urraedi_hja_haskola_islands_fyrir_folk_med_gedraskanir) (sótt 1. maí 2014).

Innanríkisráðuneytið. „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2009?“ <http://www.ut.is/konnun2009/> (sótt 2. apríl 2014).

Innanríkisráðuneytið. „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2011?“ <http://www.ut.is/konnun2011/> (sótt 2. apríl 2014).

Innanríkisráðuneytið. „Hvað er spurnið í opinbera vefi 2013?“ <http://www.ut.is/konnun2013/> (sótt 2. apríl 2014).



Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. „Úrræði í námi og prófum.“  
[http://nshi.hi.is/urraedi\\_i\\_nami\\_og\\_profum\\_](http://nshi.hi.is/urraedi_i_nami_og_profum_) (sótt 2. apríl 2014).

Rannveig Traustadóttir, James G. Rice og Þorvaldur Kristinsson. *Er hagsmunum fatlaðs fólks á Íslandi betur borgið með eða án aðildar að Evrópusambandinu?* Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, 2012.

Rannveig Traustadóttir, Kristín Björnsdóttir, James Rice, Knútur Birgisson og Eiríkur Karl Ólafsson Smith. *Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja: Rannsókn unnin í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun.*

[http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Fataekt\\_og\\_felagslegar\\_adstaedur\\_drog.pdf](http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Fataekt_og_felagslegar_adstaedur_drog.pdf) (sótt 1. maí 2014)

Samtök vefiðnaðarins. „Íslensku vefverðlaunin 2013: Verkefni í úrslitum.“

[http://svef.is/frett/item4840/%C3%8Dslensku\\_vefver%C3%B0launin\\_2013:\\_Verkefni\\_%C3%AD\\_%C3%BArslitum/](http://svef.is/frett/item4840/%C3%8Dslensku_vefver%C3%B0launin_2013:_Verkefni_%C3%AD_%C3%BArslitum/) (sótt 2. apríl 2014).

Stúdentaráð. „Hagsmunafélög.“ [http://student.is/hagsmunaf%C3%A9l%C3%B6g\\_0](http://student.is/hagsmunaf%C3%A9l%C3%B6g_0) (sótt 2. apríl 2014).

Velferðarráðuneyti. „Aðstæður fatlaðs fólks: Aðbúnaður, þjónusta, viðhorf, líðan, sjálfræði.“

[http://www.velferdarraduneyti.is/media/RadstefnurFEL/Radstefna\\_Adstaedur\\_fatlads\\_folks261011.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/RadstefnurFEL/Radstefna_Adstaedur_fatlads_folks261011.pdf) (sótt 1. maí 2014).